

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Ævi C. S. Lewis.....	3
Æviágrip.....	3
Lewis og dauðinn.....	5
Dauði og framhaldslíf í verkum Lewis.....	7
Með kveðju frá Kölska.....	7
Hvernig birtist dauðinn?.....	9
Hvað tekur við?.....	12
Hvað verður um einstaklinginn?.....	13
Samantekt.....	14
The Great Divorce.....	15
Hvernig birtist dauðinn?.....	17
Hvað tekur við?.....	17
Hvað verður um einstaklinginn?.....	20
Samantekt.....	20
Lokaorrustan.....	22
Hvernig birtist dauðinn?.....	24
Hvað tekur við?.....	26
Hvað verður um einstaklinginn?.....	27
Samantekt.....	28
Helstu hugmyndir Lewis – niðurstöður.....	29
Viðhorf Lewis til dauðans.....	29
Skoðanir Lewis á helvíti og himnaríki.....	31
Skoðanir Lewis á hjálpræði og hreinsunareldi.....	34
Samantekt.....	35
Niðurlag.....	36
Heimildaskrá.....	37

## Inngangur

Breski rithöfundurinn C. S. Lewis hefur fangað huga lesenda um víða veröld síðan hann hóf ritstörf sín á fyrri hluta 20. aldar. Enn í dag eru bækur hans gífurlega vinsælar, ekki síst í kjölfar kvikmyndanna sem hafa nýlega verið gerðar eftir barnabókum hans um ævintýralandið Narníu. Lewis er ekki aðeins þekktur fyrir skáldsögur sínar; til eru fjölmörg rit eftir hann á sviði trúfræðslu, þrátt fyrir að hann hafi ekki verið menntaður guðfræðingur, og hafa fáir náð jafn mikilli almenningshylli á 20. öld á því sviði og hann. Frægðarsól hans er síst í hnignun nú þegar komið er fram á 21. öld. Lewis heldur áfram að ná til almennings með skýrum og einlægum útskýringum sínum á ýmsum atriðum kristinnar trúar, þó nær hálf öld sé nú liðin frá andláti hans.

Hvað er það nákvæmlega sem gerir C. S. Lewis jafn vinsælan og áhrifamikinn og raun ber vitni? Hann þykir hafa góðan skilning á kristninni, og það sem mikilvægara er, geta sett flóknar hugmyndir trúarinnar þannig fram að leikmenn geti skilið þær. Trúarlegar hugmyndir hans eru svo samofnar allri hans hugsun að þær endurspeglast í öllum skrifum hans, hvort sem um er að ræða beint trúarrit eða skáldsögu. Það er einmitt í gegnum skáldsögur hans sem flestir kynnast fyrst trúarlegum hugarheimi Lewis, og af þeim sökum eru það skáldsögur hans sem um verður fjallað í þessari ritgerð.

Ekki verður unnt að skoða til hlítar alla þá guðfræðilegu hugmyndaflóru sem birtist í skáldsögum C. S. Lewis – til þess þyrfti lengri og ítarlegri rannsókn, ef slíkt er á annað borð hægt þannig að fullnægjandi sé. Efni þessarar ritgerðar er því afmarkað. Leitast verður við að svara spurningunni um það hvaða trú Lewis hafi aðhyllst hvað viðkemur dauða og eftirlífi, og þessi trú skoðuð aðallega eins og hún birtist lesandanum í skáldverkum hans, en þó einnig með hliðsjón af fræðiritum Lewis, aðstæðum hans og áhrifavöldum.

## Ævi C. S. Lewis

### Æviágrip

Clives Staples Lewis fæddist í Belfast á Norður-Írlandi þann 29. nóvember árið 1898. Alla sína ævi var hann þó kallaður Jack, eftir hundi sem fjölskylda hans átti þegar Lewis var barn. Þegar hundurinn Jack dó var Lewis harmi sleginn, og lýsti því yfir að héðan í frá yrði hann kallaður Jack eins og hundurinn. Foreldrum hans til mikillar furðu hélt hann þessu til streitu, og var kallaður Jack eftir það<sup>1</sup>.

Árið 1908 lést móðir C. S. Lewis. Þetta var fjölskyldunni mikill harmur, og Lewis lýsir því í sjálfsævisögu sinni hvernig fráfall móður hans varð til þess að hann missti trúna. Lewis og bróðir hans voru síðan sendir í Wynyard skólann á Englandi. Námsferill Lewis var mikil raunasaga framan af – Wynyard var lítill skóli, rekinn af manni sem var lagður inn á geðspítala stuttu eftir að Lewis hætti þar námi. Árið 1911 byrjaði Lewis í Cherbourg skóla í Malvern, þar sem hann stundaði nám til ársins 1913. Þar byrjaði hann fyrst að fá áhuga á „norðlægum” hlutum, eða norrænum, eins og tónlist Wagners og norrænni goðafræði<sup>2</sup>. Þessi skóli var skárri en sá fyrri að því leyti að kennararnir fóru ekki illa með nemendur sína þar – aftur á móti var meðferð eldri nemenda á þeim yngri skelfileg, og allt viðgekkst sem eldri nemendunum þóknaðist.

Eftir vist sína í Wynyard fór Lewis haustið 1914 til einkakennara, William T. Kirk, til að undirbúa sig fyrir inngöngu í Oxfordháskóla<sup>3</sup>. Lewis þótti mikið til þess manns koma og talaði ávallt vel um tíma sinn hjá honum. Kirk þessi lagði mikla áherslu á að kenna hinum unga Lewis að færa rök fyrir máli sínu, auk hefðbundinna fræða, og Lewis var honum alla tíð mjög þakklátur fyrir það. Prófessorinn í *Ljóninu, norninni og skápnunum* er nær örugglega byggður á prófessor Kirk, þar sem þeir heita sama nafni og virðast búa yfir mörgum svipuðum persónueinkennum.

Árið 1916 fékk Lewis styrk til að fara í Oxfordháskóla og var þar í eitt misseri árið 1917, en skráði sig síðan í breska herinn í fyrri heimsstyrjöldinni. Eftir stríðið kom út hans fyrsta verk annars staðar en skólablöðum, en það var í febrúartölublaðinu af *Reveille* og hét „*Death in Battle*” (Lewis hafði snemma á ferli sínum áhuga á ljóðlist og reyndi lengi að semja sín eigin ljóð, en þótti þó aldrei sérlega gott skáld<sup>4</sup>). Frá janúar 1919 til júní 1924 hélt hann

1 Alan Jacobs, *The Narnian*, 2005, s. 1

2 C. S. Lewis, *Surprised by Joy*, 1955, s. 88-90

3 C. S. Lewis, *Surprised by Joy*, 1955, s. 153-171

4 Alan Jacobs, *The Narnian*, 2005, s. 76

áfram námi sínu við Oxfordháskóla og lagði stund á grískar og latneskar bókmenntir, heimspeki, fornsögu og ensku. Árið 1925 gerðist hann enskukennari við Magdalen háskólann í Oxford<sup>5</sup>, og þeirri stöðu gegndi hann í 29 ár.

Meðan Lewis gegndi herþjónustu vingaðist hann við ungan samlanda sinn í sömu herdeild, Paddy Moore. Lewis og Moore gerðu með sér samning þess efnis að ef Lewis félli í stríðinu myndi Moore annast föður hans, en ef Moore félli myndi Lewis sjá um móður hans<sup>6</sup>. Það varð úr að Lewis varð að halda sinn hluta samkomulagsins þegar Paddy Moore féll í orrustu. Frú Moore varð honum eins og móðir, og hann sá um hana það sem eftir var ævi hennar.

Stuttu eftir að faðir hans dó árið 1929 fór Lewis aftur að hallast að hinni trúarlegu heimsmynd. Árið 1931 tók hann fyrst í alvöru upp kristna trú og var eftir það alla tíð mjög trúaður, en þangað til þá hafði hann ekki trúað því að Kristur væri sonur Guðs<sup>7</sup>. Árið 1933 kom út *The Pilgrim's Regress: An Allegorical Apology for Christianity, Reason, and Romanticism*. Þetta sama ár fóru hann og nokkrir aðrir rithöfundar og fræðimenn, t.d. J.R.R. Tolkien, að hittast reglulega. Þeir kölluðu sig *The Inklings*. Þetta gerðu þeir í 16 ár, eða allt fram til ársins 1949. Lewis og Tolkien ætluðu sér einu sinni að skrifa samstarfsverkefni – Lewis ætlaði að skrifa vísindaskáldsögu um Róm og Tolkien eina um Tíma. Þetta fór þó út um þúfur þar sem Tolkien var alla tíð mjög vandvirkur og lengi að koma efni frá sér, á meðan Lewis þótti einstaklega snöggur að skrifa. Það endaði með því að Tolkien datt út úr samstarfinu, og Lewis skrifaði á eigin spýtur heilan vísindaskáldskaparþrileik<sup>8</sup>.

Árið 1942 fékk Lewis boð um að halda fyrirlestra í breska ríkisútvarpinu þar sem hann útskýrði grunnatriði kristinnar trúar fyrir hlustendum (þessir fyrirlestrar voru seinna gefnir út í bókinni *Mere Christianity*); eftir það fóru hjólin virkilega að snúast Lewis í hag. Hann gaf út fjölmargar bækur, varð virtur og eftirsóttur fyrirlesari, og fór að fá bréf frá öllum heimshornum frá fólki sem vildi spyrja hann spjörunum úr um ýmislegt sem tengdist trú. Lewis var alla tíð duglegur að svara þessum bréfum, jafnvel þegar hann var önnur kafinn við aðra vinnu.

Árið 1956 giftist C. S. Lewis í borgaralegri athöfn Joy Davidman Gresham,

---

5 Alan Jacobs, *The Narnian*, 2005, s. 116

6 Alan Jacobs, *The Narnian*, 2005, s. 67-68

7 C. S. Lewis, *Surprised by Joy*, 1955, s. 275

8 Alan Jacobs, *The Narnian*, 2005, s. 199

bandarískri konu sem hann hafði átt vingott við um nokkurt skeið, til að hún fengi að halda landvistarleyfi sínu. Þrátt fyrir mikil veikindi hennar blómstraði samband þeirra, og ári síðar giftist Lewis henni við kirkjulega athöfn meðan hún lá á sjúkrabeði, þungt haldin. Hún náði sér á ný, en fékk síðar beinkrabbamein og lést árið 1960. Þetta tók mikið á Lewis. Hann lést síðan þremur árum seinna, 22. nóvember 1963 (sama dag og J. F. Kennedy var skotinn til bana).

### *Lewis og dauðinn*

Það verður ekki framhjá því litið að líf Lewis og upplifanir hafa haft mikil og mótandi áhrif á skoðanir hans og síðari skrif. Lewis byggði alltaf rit sín á eigin upplifunum – það var líklega ein ástæða þess hversu miklum vinsældum hann náði, að hann skrifaði ekki eingöngu út frá þurru fræðimannssjónarhorni heldur út frá lífi sínu. Þar með náði hann betur til almennings. Því er rétt að skoða hvaða reynslu Lewis hafði af dauðanum á sinni eigin ævi, áður en litið er á dauða og eftirlíf eins og það birtist í skáldverkum hans.

Fyrsta reynsla Lewis af dauðanum hefur verið þegar hann sem ungur drengur missti móður sína. Það, segir Lewis, markaði endalok hamingjusamrar æsku hans<sup>9</sup>. Lewis segir sjálfur að ýmsir geti litið á þann atburð sem fyrstu trúarupplifun hans, þó hann geri það ekki sjálfur<sup>10</sup>. Hann bað ákaf og heitt til Guðs um að fá móður sína aftur, og þegar það virkaði ekki missti hann að miklu leyti trúna á Guð. Þetta er um margt líkt lýsingunum úr Narníubókinni *Frænda töframannsins*, þar sem móðir hins unga Diðriks er deyjandi og Diðrik gerir allt sem hann getur til að fá Aslan til að hjálpa sér að bjarga móður sinni. Munurinn á reynslu Lewis og skáldskapnum er auðvitað sá að í *Frænda töframannsins* batnar móður Diðriks með hjálp Aslans, en móðir Lewis var ekki svo heppin. Líkindin með aðstæðunum eru sláandi og varla er um að villast að hér eru tengsl á milli.

Það að vera uppi á stríðstímum hefur í för með sér aukna nánd við dauðann. Lewis var sjálfur hermaður í fyrri heimsstyrjöldinni og reynsla hans þar virðist (skiljanlega) hafa haft mikil áhrif á það hvernig hann hugsaði um dauðann. Þetta sést t.d. vel í *Lokaorrustunni*, eða *Sendibréfum frá Köska*, sem fjalla báðar mikið um reynslu af dauðanum í tengslum við stríð. Lýsingar hans þar á ógninni, kuldanum og óttanum, sem hann hefur væntanlega upplifað sjálfur í skotgröfunum á frönsku vígstöðvunum, eru áhrifamiklar. Þrátt fyrir að vera í þessari

---

9 C. S. Lewis, *Surprised by Joy*, 1955, s. 22

10 C. S. Lewis, *Surprised by Joy*, 1955, s. 21

nánd við dauðann í stríðinu fann Lewis þar ekki þörfina fyrir að tengjast kristinni trú á ný, eins og margir gerðu við þær aðstæður.

Það var ekki fyrr en annað dauðsfall varð í nánasta umhverfi C. S. Lewis að hann varð trúaður á nýjan leik, en skömmu eftir andlát föður síns árið 1929 tók hann, eins og áður segir, kenningar kristinnar trúar aftur í sátt. Eftir lát móður Lewis hafði samband þeirra feðga alla tíð verið frekar stirt<sup>11</sup>, en auðvitað hefur verið erfitt fyrir hann að missa föður sinn, sérstaklega í ljósi þess hve sár móðurmissirinn var honum. Ekki er víst að lát föður Lewis hafi beinlínis orðið orsök trúskipta hans (a.m.k. eru engar heimildir fyrir því), en það er þó vel mögulegt að það hafi verið þáttur í því.

Næsta stóra upplifun Lewis á dauðanum var síðan andlát Joy konu hans 1960. Bókin sem hann skrifaði eftir þann atburð um upplifun sína á sorginni og reiðinni, *A Grief Observed*, kom fyrst út undir dulnefni, en síðar undir réttu höfundarnafni eftir lát Lewis sjálfs<sup>12</sup>. Lewis skrifaði mun minna eftir þetta áfall en hann hafði áður gert, en *A Grief Observed* gefur margar góðar vísbendingar um hvernig hugmyndir hans um dauða og eftirlíf hafa þróast við andlát Joy.

Lewis tók síðan eigin dauðastund með mikilli ró<sup>13</sup>. Áður en hann lést, árið 1963, átti hann við erfið veikindi að stríða, en virðist hafa sæst fullkomlega við tilhugsunina um eigin dauða að sögn kunnugra. Auðvitað er ekkert hægt að vita fyrir víst um tilfinningar Lewis, en það lítur út fyrir að hann hafi á þessum tímapunkti verið búinn að vinna úr reiðinni og hræðslunni sem virtust grípa hann eftir lát Joy.

Líf Lewis getur gefið okkur ýmsar vísbendingar um skoðanir hans á dauðanum og framhaldslífinu, sem hann trúði að fylgdi því. Engin betri heimild er þó til um þessar skoðanir hans en það sem hann var frægastur fyrir, þ.e. bækurnar hans. Þó hann hafi skrifað ýmsar trúfræðslubækur sem fjalla um efnið, er það í skáldsögum hans sem hvað skýrustu myndirnar af því sem hann trúði um líf eftir dauðann er að finna. Þess vegna er nú ástæða til að líta á það sem læra má um þessa trú hans af skáldverkum hans.

---

11 Alan Jacobs, *The Narnian*, 2005, s. 95-96

12 Michael Ward, *Planet Narnia – The Seven Heavens in the Imagination of C. S. Lewis*, 2008, s. 7

13 Alan Jacobs, *The Narnian*, 2005, s. 299-302

## Dauði og framhaldslíf í verkum Lewis

Ómögulegt væri að fjalla í þessari ritgerð á fullnægjandi hátt um öll verk Lewis þar sem dauði eða eftirlíf koma við sögu. Þess í stað verða þrjú verk tekin sem dæmi, og farið ítarlega í þau. Verkin verða tekin fyrir í tímaröð, þannig að fyrst verður fjallað um *Með kveðju frá Kõlska*, síðan *The Great Divorce*, og loks *Lokaorrustuna*.

### *Með kveðju frá Kõlska*

Bókin *Með kveðju frá Kõlska* (e. *The Screwtape Letters*) birtist upphaflega sem einskonar framhaldssaga yfir langt tímabil í breska blaðinu *The Guardian*, en var fyrst gefin út í heild sinni 1942. Bókin er tileinkuð J.R.R. Tolkien, góðvini Lewis. Um er að ræða sögu af ungum manni og ýmsum siðferðislegum vandamálum sem hann þarf að glíma við, m.a. í tengslum við stríðið. Sagan er sett fram í formi sendibréfa milli tveggja djöfla. Annar þeirra, Kõlski (e. *Screwtape*), er gamall og reyndur yfirdjöfull, en hinn, Ormur (e. *Wormwood*), er ungur freistaradjöfull sem hefur það hlutverk að reyna að koma unga manninum út af hinni beinu braut. Einnig er til smásagan *Screwtape Proposes a Toast*, sem ekki hefur komið út á íslensku. Um er að ræða einskonar stutt framhald af *Sendibréfum frá Kõlska*, þar sem Kõlski heldur ræðu á samkomu djöfla til að fagna góðu gengi helvítis. Umrædd saga kom út mun síðar en *Sendibréf frá Kõlska*, eða 1959, og sést töluverður munur sést á ritstíl Lewis milli þessara tveggja rita<sup>14</sup>.

Efni bókarinnar er dæmigert fyrir Lewis að því leyti að um er að ræða trúarlega miðaðan siðferðisboðskap, sem settur er fram í búningi skáldsögu. Hér bregður hann þó út af vananum, því í stað þess að setja hlutina þráðbeint fram má í raun segja að hann notist við öfuga sálfræði við framsetningu boðskaparins. Þessi siðferðisboðskapur bókarinnar er þó nokkuð augljós frá upphafi hennar<sup>15</sup>. Framsetning bréfanna er mjög dæmigerð fyrir Lewis – djöflarnir eru sýndir sem broslegar verur, næstum brjóstumkennanlegar á köflum (sérstaklega í kaflanum þar sem Kõlski verður svo reiður að hann breytist tímabundið í þúsundfætlu, getur þess vegna ekki skrifað, og verður að láta ritara sinn ljúka bréfinu<sup>16</sup>). Lesandinn getur varla

14 C. S. Lewis, *Screwtape Proposes a Toast* í *The Screwtape Letters*, 1942, s. 183-185

15 Að vísu virðist hann upphaflega hafa farið framhjá a.m.k. einhverjum lesendum, þar sem heimildir eru fyrir því að einn anglikanskur prestur hafi sagt upp áskrift sinni að *The Guardian* vegna þess að honum misbauð hinn ljóti boðskapur sem birtist þar í Kõlskabréfunum (sjá Alan Jacobs, *The Narnian*, 2005, s. 168).

16 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kõlska*, 1982, s. 99

hræðst þessi fyrirbæri, en þó eru dekkri tónar undirliggjandi í bókinni, í hinu illa innræti djöflanna og þeim grimmu örlögum sem ungi maðurinn á á hættu að mæta, hlusti hann á Orm.

Dauðinn er ekki aðalefni í *Með kveðju frá Kölska*. Efnið er frekar rétt siðferðisleg hegðun og það að bera kennsl á og forðast freistingar, sérstaklega í samhengi við hið kristilega líferni. Þó verður ekki hjá því komist að í bókinni sé fjallað um dauðann vegna umhverfisins sem hún á sér stað í, það er Englandi í seinni heimsstyrjöldinni. Dauðinn og hættan á honum var öllum ofarlega í huga á þeim tímum og ungi maðurinn veltir dauðanum því skiljanlega fyrir sér – og Kölski og Ormur velta honum því þar af leiðandi einnig fyrir sér. Viðhorfið sem birtist í *Með kveðju frá Kölska* í garð dauðans er ákaflega áhugavert; dauðinn er aðeins eitt þeirra efna sem bókin tekur á, en þegar það er gert er það á svo merkilegan hátt að það er eitt það sem situr hvað sterkast eftir í huga margra lesenda, hvort sem þeir eru sammála Lewis í þeim efnum eða ekki. Hugmyndin, sem þar birtist mjög ákveðið, um að maðurinn sé fæddur til þess helst að deyja og halda áfram inn í eilífðina, er mörgum torskilin – *Með kveðju frá Kölska* virðist á köflum næstum því fagna dauðanum. Þessar hugmyndir verða nú skoðaðar nánar.

Í upphafi *Með kveðju frá Kölska* er ungi maðurinn (sem aldrei er nefndur á nafn í bókinni) ekki kristinnar trúar, en er þó byrjaður að hallast að henni. Kölski veitir Ormi ýmsar ráðleggingar um hvernig megi best halda honum frá kirkjunni, en allt kemur fyrir ekki – ungi maðurinn tekur fljótlega kristna trú, djöflunum til mikillar gremju. Kölski tekur þá að veita yngri djöflinum ráð um hvernig megi helst eyðileggja trú unga mannsins, freista hans til rangs líferniss og tryggja að hann komi til þeirra þegar hann deyr. Samskipti mannsins við ættingja sína og vini, auk hins kynsins, hegðun hans, venjur og jafnvel hugsanir eru öll greind í þaula af djöflunum tveimur, með misgóðum árangri. Þegar ungi maðurinn þarf að gegna herskyldu í loftvarnarstöð reyna þeir að koma því í kring að hann verði í það slæmu sálarlegu ástandi að, ef hann láti lífið, fari hann ekki til himna. Það mistekst þó hjá þeim, og bókin endar með því að ungi maðurinn hverfur frá þeim til betra lífs og Kölski lofar Ormi djöfulegri refsingu fyrir mistök sín.

Djöflarnir í *Með kveðju frá Kölska* birtast, eins og áður sagði, í frekar broslegu ljósi og yfirleitt er talað um helvíti í svipuðum tón. Djöflarnir “vinna” við það að freista fólks og eru þar með hluti af því sem kalla mætti stórfyrirtækið Helvíti – talað er um skóla fyrir unga



djöfla<sup>17</sup>, mismunandi deildir innan fyrirtækisins<sup>18</sup>, kynningarbæklinga sem fjalla um nýjustu uppfinningar og aðferðir helvítis<sup>19</sup> og Kölski sjálfur er jafnvel með ritara<sup>20</sup>. Djöflarnir virðast vera staðsettir í hugum manna og að hver hafi að segja mætti sinn djöful að draga. Einn djöfull sér um að freista hvers einstaklings<sup>21</sup>. Hin góðu öfl virðast aftur á móti einnig hafa einhverskonar aðgang að manneskjunni – djöflarnir vita þó lítið sem ekkert um hvað gerist þar hinumegin, og því kemur nær ekkert fram um störf góðu aflanna í þessu samhengi<sup>22</sup>. Líklegt er þó að Lewis geri ráð fyrir einhverskonar englarödd til mótvægis við djöflaröddina. Í formálanum að *Screwtape Proposes A Toast*, sem áður var nefnd, talar Lewis um að hann hefði viljað skrifa guðdómlega sögu til mótvægis við djöfullegu söguna sem birtist í *Með kveðju frá Kölska*, en að hann hafi talið það verk sér ofvaxið, að enginn mennskur maður geti ætlað sér að segja frá því hvað rödd Guðs í formi fylgdarengils myndi segja. Til þess sé enginn mennskur maður nógu vel innrættur og því hafi sagan frá hinu djöfullega sjónarhorni orðið að nægja<sup>23</sup>.

#### *Hvernig birtist dauðinn?*

*Með kveðju frá Kölska* fjallar tiltölulega mikið um dauðastundina, og tímabilið þar á undan – það hvernig einstaklingur er undirbúinn fyrir dauðann, hvernig hann ætti að vera undirbúinn og hvers vegna. Þetta kann mörgum lesendum að virðast harðneskjulegt, jafnvel óhugnanlegt – en hafa verður í huga í hvaða umhverfi Lewis skrifaði þessi bréf. Fyrstu ár fimmta áratugarins voru Bretar mjög óttaslegnir; stríðsástand ríkti í landinu, það var aldrei að vita hvenær næsta loftárás kæmi, eða hvenær ungir menn yrðu kallaðir í herþjónustu og sendir úr landi, hugsanlega í opinn dauðann. Aðeins rúmir tveir áratugir voru liðnir frá lokum fyrri heimsstyrjaldar og hryllingur hennar var fólki því enn í fersku minni. Óttinn við stríðshörmungar og dauða hefur því verið gífurlega mikill meðal landsmanna á þessum tíma.

Það var við þessar kringumstæður sem *Með kveðju frá Kölska* var skrifuð. Vangaveltur um hversu skelfilegt sé að deyja, sérstaklega ungur, og í þeim hræðilegu aðstæðum sem

17 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kölska*, 1982, s. 80

18 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kölska*, 1982, s. 124

19 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kölska*, 1982, s. 96

20 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kölska*, 1982, s. 99

21 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kölska*, 1982, s. 20

22 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kölska*, 1982, s. 13-14

23 C. S. Lewis, *Screwtape Proposes a Toast* í *The Screwtape Letters*, 1942, s. 183-185

myndast í stríðum, hafa verið hinum almenna borgara mun ofar í huga en þær eru í dag. Dauðinn hefur þá verið fólki hugleiknari en nú – það var eðlilegt að hann yrði plássfrekari í bók sem átti að tala inn í hugarheim Breta á seinnistríðsárunum, en hann kannski yrði í bók sem skrifuð væri í dag.

Hvað er þá sagt um dauðann? Viðhorf í *Með kveðju frá Köska* í garð dauðans kristallast býsna vel í eftirfarandi orðum Köska úr lokakafla bókarinnar, þar sem hann lýsir dauðastund unga mannsins og skammar Orm fyrir mistök sín:

*Þú hefur látið mannsál ganga þér úr greipum. ... Eins og ég viti ekki fullvel hvað gerðist á því augnabliki þegar þeir hrifsuðu hann frá þér? Allt í einu var sem ský væri numið frá augum hans. Hann sá þig í fyrsta skipti. Hann gerði sér grein fyrir þeim tökum, sem þú hafðir haft á honum og vissi, að þú hafðir þau ekki lengur. Láttu það nú verða upphafið á kvölum þínum að hugleiða, hvernig honum leið á þeirri stundu. Það var eins og hrúður félli af gamalli ben. Það var líkt og að ná bata eftir að hafa þjáðst lengi af andstyggilegum, hreisturkenndum útbrotum. Það var eins og hann afklæddist og fleygði frá sér að fullu og öllu blautri og skítugri flík, sem lengi hafði límst við líkama hans. ... Hann slapp of vel! Enginn nagandi kvíði við dauðann á næsta leyti, engar yfirlýsingar frá læknum, ekkert elliheimili, engin skurðstofa á spítala, engar tálvonir um að lifa lengur; nei, þess í stað frelsun á broti úr sekúndu. Aðra stundina virtist okkar veröld ein blasa við: sprengjugnýr, hrynjandi hús, píðurfnýkur í nösum, ... En í næstu andrá var allt þetta horfið eins og döggr fyrir sólu, gufað upp eins og ljótur draumur og mundi aldrei framar skipta neinu máli. ... Tókstu eftir því, hve áreynslulaust og eðlilega þetta jarðarinnar kvikindi gekk til fundar við lífið nýja? Það var eins og hann hefði aldrei gert annað.<sup>24</sup>*

Eins og áður segir og fram kemur í textabrotinu hér að ofan birtist dauðinn í *Með kveðju frá Köska* sem tiltölulega jákvæður atburður, viðhorfið til hans er þar jákvæðara en það sem er að finna í flestum öðrum bókum Lewis. Auðvitað birtast þessar hugmyndir í gegnum viðsnúin viðhorf Köska; þar er dauðinn lokastundin, það sem sker úr um hvoru megin við línuna einstaklingurinn endi, og því mikilvægt að hann sé rétt undirbúinn – hvort sem “réttur” undirbúningur er skv. skilgreiningu Köska og djöflanna eða Guðs og mannanna. Því fastar sem manneskjan rígheldur í líf sitt, því sterkar sem hún afneitar tilhugsuninni um dauðann og neitar að undirbúa sig fyrir endalok sín, því líklegra er að hún sé óundirbúin til að

---

24 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Köska*, 1982, s. 132-134

fara til himna<sup>25</sup>, og Kölski og félagar nái í hana. Gamall maður, sem deyr á sjúkrahúsi eða umönnunarheimili, umkringdur fólki sem mildar ástand hans fyrir honum, er mun verr undirbúinn fyrir dauðann en ungur maður sem lætur lífið í stríði. Hann hefur áður gert sér grein fyrir hættunni á því að hann geti dáíð hvenær sem er og hefur þess vegna undirbúið sig á viðeigandi hátt, hvort sem það er meðvitað eða ekki<sup>26</sup>.

Önnur ástæða fyrir því að maður sem deyr ungur er betur undir það búinn að fara til himna er, samkvæmt hugsuninni í *Með kveðju frá Kölska*, sú að manneskjan er fædd til að deyja<sup>27</sup>. Hún er ekki sköpuð fyrir jarðneskt líf, heldur er það einungis forleikur að hinu raunverulega lífi, sem tekur við að því loknu. Samkvæmt þessari hugsun er því betra fyrir manninn, uppá framhaldslíf hans að gera, að deyja ungur og í stríði heldur en að hann nái háum aldri og deyi öruggur í rúminu sínu. Þess vegna er ungur maður ekki jafn bundinn heiminum og gamall maður, sem hefur haft tíma til að koma sér þar vel fyrir<sup>28</sup>. Í heiminum er að finna mikla eynd og því betur sem manneskjan gerir sér grein fyrir því að henni er ekki ætlað að búa hér til frambúðar, heldur horfir fram á veginn til betri heims, því betur er hún undirbúin fyrir það sem tekur við.

Viðhorfið sem birtist hér til dauðastundarinnar sjálfrar hefur því verið frekar hughreystandi í þeim aðstæðum sem bókin kom út í. Margir ungir menn á þessum tíma og aðstandendur þeirra hafa örugglega fundið sig í sporum unga mannsins í *Með kveðju frá Kölska*, að vita ekki hvort þeir myndu lifa eða deyja næstu nótt. Rökin sem Lewis færir fyrir því að dauðinn sé ekki skelfing heldur geti frekar verið stund lausnar hafa því komið inn í þessar aðstæður sem uppörvandi, jafn kaldranalegt og nútímafólki kann að þykja tal hans um dauða manneskju í blóma lífsins sem jákvæðan hlut, um þjáningar hennar sem nauðsynlegan þátt í frelsun hennar undan harmi hins efnislega heims<sup>29</sup>.

#### *Hvað tekur við?*

Ólíkt flestum öðrum skáldsögum Lewis sem taka á spurningum um dauða og framhaldslíf kemur *Með kveðju frá Kölska* lítið sem ekkert inn á það sem tekur við góðum einstaklingum að dauðastundinni lokinni. Þetta er væntanlega vegna þess að Ormur og Kölski vita lítið sem

---

25 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kölska*, 1982, s. 29-30

26 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kölska*, 1982, s. 29-30

27 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kölska*, 1982, s. 134

28 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kölska*, 1982, s. 123

29 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kölska*, 1982, s. 30

ekkert um það; þeirra verksvið er helvíti og hinn efnislegi heimur og þegar manneskjan er komin út fyrir þessi svið vita þeir ekki af henni frammar. Takmarkanir aðalpersónanna takmarka því einnig upplifun lesandans, sem verður að gera sér að góðu þær fáu vísbendingar sem Lewis veitir í bókinni.

Þó djöflarnir viti svo gott sem ekkert um himnaríki virðast þeir þó vita að það sé góður staður (fyrir manneskjuna að minnsta kosti) og eilífur; Kölski bülvar því hversu stuttar jarðneskar þjáningar mannsins séu í samanburði við hina eilífu sælu sem taki við að þeim loknum<sup>30</sup> og finnst viðbjóðslegt að Guð hafi ætlað svona fyrirlitlegum verum svona vegleg laun eftir dauðann<sup>31</sup>. Að öðru leyti er það þó djöflunum hulin ráðgáta hvað taki við manneskjunni þegar hinir himnesku andstæðingar þeirra hafi tekið við henni fyrir fullt og allt.

Athyglisvert er að sjá að varla er farið neitt ítarlegar í örlög þeirra einstaklinga sem falla í hendur djöflanna við dauðann, þrátt fyrir að aðalpersónur bókarinnar séu jú djöflar og aðalmarkmið þeirra að ná fólki til sín að lífinu loknu. Einhverjar stuttar, hálfroslegar myndir birtast í *Með kveðju frá Kölska* af pyntingum djöflanna á þeim einstaklingum sem þeir ná í – en þær lýsingar eru af allt öðrum toga en lýsingar Lewis á himnaríki, og hann hefur þær allar mjög óljósar. Hugsanlega er þetta vegna þess að þetta er efni sem Lewis vildi sem minnst tala um (í *Lokaorrustunni* sleppir hann því til að mynda algjörlega (sjá viðeigandi kafla)); í formála *Með kveðju frá Kölska* segir hann t.d. að það sé varhugavert að sýna illum öflum of mikinn áhuga<sup>32</sup>, án þess þó að taka fram nákvæmlega hvaða afleiðingar það geti haft í för með sér. Lewis virðist telja að best sé að hafa hugann við það sem gott er og því minna sem hugsað sé um hið illa, því betra.

#### *Hvað verður um einstaklinginn?*

Eins og áður segir kemur ekki margt skýrt fram í *Með kveðju frá Kölska* um hvað nákvæmlega verður um einstaklinginn eftir dauðann. Þó kemur ýmislegt fram í textanum um hvernig maðurinn er skapaður með tilliti til framhaldslífs; og í rauninni má tala um tvö aðalatriði í sambandi við örlög einstaklingsins eftir dauðann eins og þau birtast í *Með kveðju frá Kölska*.

Fyrsta atriðið sem skal nefna er hin sterka heimsflóttahugmynd sem þar er að finna. Veröldin, sem er starfsvettvangur mannanna og djöflanna sem þeim tilheyrir, er full þjáninga,

---

30 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kölska*, 1982, s. 29-30

31 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kölska*, 1982, s. 66-67

32 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kölska*, 1982, s. 11

og þar mun maðurinn eiga erfitt. Það er aðeins í gegnum dauðann sem hann getur losnað undan þessum illa stað og því minna sem maður tengist heiminum tilfinningaböndum, því betra. Dauðinn, hvort sem hann kemur seint eða snemma, á sjúkrafeði eða í stríði, er skelfilegur – en hann er nauðsynlegur til að eitthvað miklu betra en hið jarðneska líf geti tekið við.

*Allar þrengingarnar þræddu sömu braut. Þær urðu þungbærari og þungbærari og neyddu þig til að skjögra niður rökkvað öngstræti, sem virtist alltaf verða mjórri og mjórri, uns allt í einu, einmitt þegar þú hélst að öllu væri lokið og ekkert eftir nema myrkur, sjá, þá kom geisli á skuggaskjáinn. Nú skein viðáttan við þér á ný og allt varð svo undur gott. Tannþínan ágerðist, en svo lá skemmda tönnin einn dag á borði tannlæknisins. Draumurinn varð að martröð, en svo vaknaðirðu. Þú deyrð og deyrð, en síðan er dauðinn einn dag að baki.<sup>33</sup>*

Hvers vegna er hið jarðneska líf mannum svona skelfilegt, og svona nauðsynlegt að hann sleppi úr því? Þar er komið að öðru atriðinu: hugmyndinni um að maðurinn sé alls ekki skapaður fyrir hinn jarðneska heim, heldur fyrir eitthvað allt annað og fegurra. Þess vegna þjáist hann svona í þeim títal sem honum er gert að búa í þennan stutta tíma og þess vegna ætti hann ekki að festa sig við hið efnislega, heldur hafa hugann við alla þá betri hluti sem bíða hans að lífinu loknu.

Þessi hugmynd kemur ekki oft fram í verkum C. S. Lewis, að minnsta kosti ekki jafn sterkt og hún gerir hér, tiltölulega snemma á ritferli hans. Hinsvegar er þessi hugmynd nátengd annarri, sem hugsanlega er ein merkasta hugmynd Lewis og sem birtist síendurtekin í verkum hans, jafnt skáldverkum sem fræðiritum, allan hans ritferil: hugmyndin um hina æðstu gleði. Sjálfsævisaga Lewis, *Surprised by Joy*<sup>34</sup>, snýst í rauninni öll um þessa hugmynd, eins og titillinn ber vitni um. Löngu áður en Lewis snerist til kristinnar trúar var hann þeirrar skoðunar að til væri einhver æðsta gleði. Öll sönn gleði sem maðurinn upplifði, sagði hann, hefði í sér ákveðna undarlega tregatilfinningu, einhverskonar undurfagra þrá eða *Sehnsucht* (honum fannst merking þýska orðsins mun nær því sem hann vildi segja en ensk orð yfir

---

33 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kölska*, 1982, s. 134

34 Gaman er að geta þess að Lewis kynntist konu sinni, Joy Gresham, ekki fyrr en eftir útgáfu *Surprised by Joy*. Titill bókarinnar tengist því nafni hennar ekkert, heldur er um að ræða skemmtilega tilviljun. Sérstaklega er hún skemmtileg í ljósi þess hve mikilvægur þáttur gleðin (eða Joy) hafði verið í lífi og hugmyndum Lewis jafnvel áður en hann kynntist konunni Joy.

svipuð fyrirbæri, og notaðist því við það<sup>35</sup>) sem fylgdi sannri hamingju. Þessi þrá kæmi til, taldi Lewis, vegna þess að sönn gleði minnti manninn á einhverja æðri hamingju, hina æðstu gleði, sem hann væri skapaður til. Jarðnesk fegurð eða gleði gæti komist nálægt þessari æðstu fegurð, en aldrei alla leið – þess vegna fylgdi þessi undarlegi tregi allri sannri jarðneskri hamingju, því hún vakti í hjarta mannsins löngun eftir hinni raunverulegu hamingju, sem hann þekkti og þráði einhversstaðar djúpt í hjarta sínu. Hinn ungi Lewis leitaði lengi og víða að þessari sönnu gleði, aðallega í bókmenntaverkum, þar sem hann fann helst þessa gleði sem vakti með honum *Sehnsucht*, tregafullu þrána eftir hinni sönnu gleði. Lewis tengdi þessa frummynd hamingjunnar síðar við kristnar hugmyndir – að þessa sönnu gleði væri að finna hjá Guði, að maðurinn væri skapaður til samfélags við hann, og fyndi þess vegna til saknaðar eftir þessari sönnu gleði í hvert skipti sem hann upplifði sanna jarðneska gleði.

Þessi hugmynd birtist vel í *Með kveðju frá Kölska*. Víða í bókinni er að finna texta þar sem Kölski talar um að maðurinn sé ekki skapaður til þeirrar takmörkuðu gleði sem hinn efnislegi heimur bjóði upp á, heldur einhvers æðra, sem muni veita honum þá sönnu gleði sem hann geti aldrei fundið hérna megin móðunnar miklu.

#### *Samantekt*

*Með kveðju frá Kölska* litast mikið af þeim tíma sem hún var skrifuð á – stríðshrjáðir tímar vekja alltaf upp ótta við dauðann og þessa bók skrifaði Lewis meðal annars inn í vangaveltur fólks um dauða á stríðstímum. Þetta verður að hafa í huga þegar nútímalesandi lítur á lýsingarnar á ótímabærum dauða ungs manns í stríði, sem lýst er næstum með fögnuði; þessi bók var skrifuð í öðrum tíðaranda, og inn í aðrar aðstæður. Heimsflótti eru skiljanleg viðbrögð við skelfingum tveggja heimsstyrjalda, við heimi sem virðist vera kaldur og illskeyttur í garð mannsins. Lewis leggur þó áherslu á gleðina handan heimsins frekar en eymdina í honum og er þar með samkvæmur sjálfum sér í hugmyndum sínum.

---

35 C. S. Lewis, *Surprised by Joy*, 1955, s. 6

## *The Great Divorce*

*The Great Divorce*<sup>36</sup> er skáldsaga eftir C. S. Lewis frá 1946. Um er að ræða allegóríska skáldsögu, skrifaða í fyrstu persónu, þar sem segir frá upplifun manns sem rankar við sér á undarlegum stað. Hann uppgötvar smám saman að þessi staður er eftirlífið og gerir þar ýmsar uppgötvanir bæði um handanheiminn og lífið sjálft í gegnum persónurnar sem hann hittir þar. Að lokum vaknar hann þó og uppgötvar að þetta hefur allt saman verið draumur.

Í formála bókarinnar tekur Lewis fram að *The Great Divorce* sé skrifuð sem svar við bók William Blakes, *The Marriage of Heaven and Hell*. Eins og titillinn gefur til kynna er Lewis ósammála þeim hugmyndum sem fram koma hjá Blake og vill mótmæla því þegar Blake segir að himnaríki og helvíti séu eitt, að allir vegir liggi til Guðs óháð því hvaðan vegurinn liggur eða hvaða leið hann fari. Lewis vill þvert á móti leggja áherslu á að himnaríki og helvíti séu aðskildir staðir – að það sé ekki sama hvaða leið sé farin í lífinu. Lewis telur þó ekki að “allir sem velji rangan veg glatist; en björgun þeirra veltur á því að þeir komist aftur inn á rétta braut. Það er hægt að leiðrétta skakkt reikningsdæmi: en aðeins með því að rekja sig aftur að skekkjunni og vinna þaðan upp á nýtt, aldrei með því að halda ótrauður áfram. Það er hægt að gera hið illa að engu, en hið illa getur aldrei „þróast“ yfir í hið góða.”<sup>37</sup> Með þessa hugsun leggur Lewis upp í rit sitt.

Lewis tekur einnig skýrt fram að verkið sé á engan hátt staðhæfing um það hvað biði mannsins í eftirlífinu<sup>38</sup>, heldur sé þetta einungis vísindaskáldskapur, ímyndun sem höfundurinn fann sjálfur upp frekar en sannleikur eða einu sinni trúarkenning. Lítið sem ekkert sé hægt að vita um eftirlífið og hann biður því lesendur sína um að taka hugmyndir þessarar skáldsögu alls ekki of alvarlega. *The Great Divorce* er því engan veginn heimildarit um það sem Lewis trúði sjálfur að ætti sér stað eftir dauðann. Hins vegar er þar skiljanlega að finna geysimargt sem varpar ljósi á hugmyndir og vangaveltur Lewis um það efni og því er vert að kryfja nánar innihald *The Great Divorce*.

Sögumaðurinn rankar við sér í kaldri, dimmri borg, í hópi fólks sem er að bíða eftir

---

36 Notast verður við titil bókarinnar á frummálinu, þar sem hún hefur ekki komið út í íslenskri þýðingu; þó yrði titill bókarinnar í beinni þýðingu líklega þýddur sem *Skilnaðurinn mikli*. Allar tilvitnanir í bókina birtast hér í íslenskri þýðingu ritgerðarhöfundar (Þóru Ingvarsdóttur).

37 C. S. Lewis, *The Great Divorce*, 1946, s. viii

38 C. S. Lewis, *The Great Divorce*, 1946, s. x

strætisvagni. Þessi vagn fer með hópinn á hjartan, fallegan stað þar sem sólin virðist vera að koma upp. Þegar þangað er komið bíður hópur fólks eftir vagninum, eða réttara sagt farþegum vagnsins. Þetta fólk er allt svo hjart og raunverulegt að höfundurinn og samferðafólk hans eru eins og draugar eða svipir við hliðina á þeim. Upp frá þessu er í sögunni talað um samferðafólk höfundar sem „draugana”. Jafnvel grasið og jörðin sem þeir standa á eru svo miklu fastari<sup>39</sup> og raunverulegri en draugarnir að moldin er eins og steinsteypa fyrir þeim og grasið eins og ósveigjanleg stálstykki. Þeir komast að því að þeir geta engin áhrif haft á umhverfi sitt, þó fólkið sem beið eftir vagninum upplifi það sem mjúka mold og gras. Fólkið gefur sig á tal við draugana og í ljós kemur að það þekkir allt einhvern úr þeim hópi. Draugarnir eru allir tiltölulega nýláttnir einstaklingar, en fasta fólkið einhverjir sem farið hafa á undan þeim. Samtölin snúast öll um fyrra líf drauganna, oft í tengslum við samskipti draugsins og fasta einstaklingsins í lifenda lífi. Sögumaðurinn er ekki undanskilinn þessum samtölum við íbúa himnaríkis, eins og kemur í ljós þegar til hans kemur skoskur maður sem kynnir sig sem George Macdonald. Sögumaðurinn verður fjarska glaður að hitta loks þennan merka mann og uppáhaldsrithöfund sinn<sup>40</sup>. Þeir eiga langt samtal, og Macdonald verður leiðsögumaður sögumannsins á þessum undarlega, bjarta stað. Smám saman uppgötvar sögumaðurinn (og lesandinn með honum) að kalda, dimma borgin var helvíti, en þessi hlýi, bjarti staður er einskonar forgarður himnaríkis. Draugarnir eru hingað komnir vegna þess að þeim býðst að bæta á einhvern hátt fyrir villu síns fyrra líferniss með hjálp fasta fólksins, og verða þá jafn raunverulegir og það. Þetta er þó aldrei auðvelt eins og samtölin sýna. Að lokum uppgötvar sögumaðurinn að þetta hefur allt verið draumur og vaknar rétt um það leyti sem sólin kemur upp og brennir þá drauga sem enn eru staddir þarna.

Við fyrstu sýn kann að virðast sem aðalefni *The Great Divorce* felist fyrst og fremst í samtölum drauganna og fasta fólksins, í siðaboðskapnum sem Lewis setur þar fram, frekar en í vangaveltum um eftirlíf. Lewis segir sjálfur í formála bókarinnar að þessi skrif sín séu eingöngu hugarórar, hann vilji síst af öllu vekja forvitni lesenda um það sem bíði í

---

39 Hugtakið sem Lewis notar á frummálinu er „solid”. Þar á hann við að fólkið sé efnislegri en hinn efnislegri heimur og raunverulegri en allt annað sem er raunverulegt. Hér verður notast við íslenska orðið „fastur” sem þýðingu á „solid”.

40 Þess má geta að George Macdonald var raunverulegur rithöfundur, og einn uppáhaldsrithöfundur C. S. Lewis sjálfs. Það sem Lewis lætur sögumanninn í *The Great Divorce* segja um aðdáun sína á verkum Macdonald er allt frá eigin brjósti Lewis komið (sjá t.d. *Surprised by Joy*).



framhaldslífinu<sup>41</sup>. Þó verður ekki litið framhjá því sem Lewis segir einnig í formálanum, að bókin sé að miklu leyti skrifuð sem svar við hugmyndum Blakes um himnaríki og helvíti. Í því samhengi koma þess vegna fram í verkinu ýmsar skoðanir Lewis á eftirlífinu. Vegna þessa, og vegna þess að söguvið bókarinnar er einmitt eftirlífið, má með lestri *The Great Divorce* komast að ýmsu sem Lewis trúði sjálfur um dauðann og líf eftir hann.

#### *Hvernig birtist dauðinn?*

Lítið sem ekkert er sagt um dauðastundina sjálfa í *The Great Divorce*. Persónurnar hafa allar verið töluverðan tíma í framhaldslífi sínu þegar þær birtast lesandanum og áherslan í samtölunum er öll annað hvort á líf þeirra fyrir dauðann eða líf þeirra eftir hann. Dauðinn sjálfur og vangaveltur um hann koma lítið sem ekkert fyrir. Persónurnar eru allar komnar yfir þröskuldinn mikla og það sem skiptir þær máli núna er ekki skrefið yfir þröskuldinn heldur það sem tekur við handan hans í ljósi þess sem gerðist fyrir skrefið. Persóna MacDonalds minnst þó einu sinni stuttlega á dauðann sjálfan, þegar hann útskýrir fyrir sögumanninum að þetta sé í raun allt draumur. Þá segir hann honum að hinn beiski drykkur dauðans bíði hans ennþá<sup>42</sup>. Hér, eins og svo víða í skrifum Lewis, birtist dauðastundin því sem ljótur hlutur, sem raun sem maðurinn verður að ganga í gegnum við lok ævi sinnar (þó hér sé reyndar svo stuttlega komið inn á efnið að varla er hægt að tala um að það sé tekið fyrir í bókinni).

#### *Hvað tekur við?*

Skáldleg framsetning Lewis á helvíti sem dimmri, ljótri, þokukenndri borg sem breiðir úr sér svo langt sem augað eygir, og himnaríki sem grænum, björtum, föstum stað þar sem frjósemi og hamingja ríkjja, má með nokkru öryggi útskýra sem myndræna túlkun höfundar á góðu og illu frekar en guðfræðilegum kenningum hans. Lewis, sem ólst upp í sveitum Írlands, hafði alla tíð dálæti á náttúrunni og opnum stöðum frekar en borgum og iðnvæddum svæðum<sup>43</sup>, eins og kemur vel fram í öðrum verkum hans<sup>44</sup>. Því skyldi engan undra að helvíti er sýnt sem

---

41 C. S. Lewis, *The Great Divorce*, 1946, s. x

42 C. S. Lewis, *The Great Divorce*, 1946, s. 144

43 C. S. Lewis, *Surprised by Joy*, 1955, s. 25-26

44 Þó langflest rit Lewis endurspeglir þetta að einhverju leyti má í þessu samhengi sérstaklega nefna

Narníuskáldsöguna *Kaspían konungsson* (e. *Prince Caspian*), þar sem söguhetjurnar sigrast að lokum á hinum illa Míras konungi, stöðva iðnvæðingu hans á Narníu, og koma landinu aftur í sitt gamla ástand í sátt og samlyndi við náttúruna. Einnig má nefna mjög svipaðar aðstæður í vísindaskáldsögunni *That Hideous Strength* (sem eins og *The Great Divorce* hefur heldur ekki verið gefin út í íslenskri þýðingu), þar sem höfuðpaurar stórfyrirtækisins N.I.C.E., sem hefur ætlað sér að eyðileggja mörg fögur náttúrusvæði í nafni

grámóskuleg borg í sífelldri uppbyggingu en jafnframt sífelldri niðurníðslu, á meðan forgarður himnaríkis er frjósöm paradís undir berum himni.

Það mikilvæga í tjáningu Lewis á himnaríki og helvíti í *The Great Divorce* er því ekki myndrænar lýsingar hans á staðhættum (þó þær séu vissulega merkilegar í sjálfu sér), heldur hugmyndirnar sem búa að baki þessari tjáningu. Snemma kemur fram að helvíti er ekki lokaður staður; fólkið sem dvelur þar hefur alltaf val um að taka strætisvagninn og fara þaðan, þó fáir þiggi þann kost<sup>45</sup>. Einnig kemur það fram, sem kannski er enn áhugaverðara, að helvíti er heldur ekki staður sem er skapaður og stjórnað af einhverskonar illum, yfirnáttúrulegum verum. Það eru íbúarnir sjálfir sem halda í sífelli áfram að reisa fleiri tóm, grá hús í borginni í von um að hver ný bygging muni færa þeim hamingjuna sem þeir leita að og það eru íbúarnir sjálfir sem eru hverjir öðrum verstir, sem pynta og plaga hverjir annan, og í rauninni gera gráu borgina að helvíti. Þetta er merkilega líkt hugmyndinni að baki hinu þekktu leikriti Jean-Paul Sartre, *Luktar dyr*<sup>46</sup> – þar sjá persónurnar þrjár, sem staddar eru í helvíti, um að pína hver aðra, og komast að því að „helvíti er annað fólk“<sup>47</sup>. Mögulegt er að Lewis hafi þekkt til þessa verks Sartre, sem kom fyrst út árið 1944, en *The Great Divorce* kom eins og áður segir ekki út fyrr en 1946. Engar heimildir eru þó fyrir þessu.

Þó helvíti sé staður sem er í raun og veru skapaður af mannum sjálfum virðist himnaríki aftur á móti alls ekki vera það. Á meðan helvíti er fullt af fólki sem vill stjórna sér sjálft, byggja sín eigin hús og vera sínir eigin herrar, er himnaríki byggt fólki sem hefur valið að gefa upp stjórnina yfir sjálfu sér og gefa sig Guði á vald. Það reynir ekki að skara fram úr á sínu sviði heldur vinnur verk sín fúslega án þess að hljóta viðurkenningu fyrir<sup>48</sup> og elskar Guð og náungann án þess að ætlast til þess að fá neitt í staðinn<sup>49</sup>. Þetta fólk lifir í þeirri paradís sem íðnframfara, eru að lokum yfirbugaðir og stöðvaðir af náttúruöflum undir stjórn guðdómlegra afla.

45 C. S. Lewis, *The Great Divorce*, 1946, s. 75

46 Titillinn eins og hann birtist í íslenskri þýðingu Vigdísar Finnbogadóttur og Þuríðar Kvaran. Á frummálinu, frönsku, nefnist leikritið *Huis Clos*. (sjá Hlín Einarsdóttir, *Það eru leikhúsin sem ala upp þú þú þú: Listræn stefna og verkaval leikhópsins Grímu 1961-1970*, 2009, [http://skemman.is/bitstream/1946/2749/1/hlin\\_einarsdottir\\_02\\_fixed.pdf](http://skemman.is/bitstream/1946/2749/1/hlin_einarsdottir_02_fixed.pdf))

47 Hlín Einarsdóttir, *Það eru leikhúsin sem ala upp þú þú þú: Listræn stefna og verkaval leikhópsins Grímu 1961-1970*, 2009, [http://skemman.is/bitstream/1946/2749/1/hlin\\_einarsdottir\\_02\\_fixed.pdf](http://skemman.is/bitstream/1946/2749/1/hlin_einarsdottir_02_fixed.pdf)

48 C. S. Lewis, *The Great Divorce*, 1946, s. 82-87

49 C. S. Lewis, *The Great Divorce*, 1946, s. 75-76

Guð hefur skapað fyrir það. Það sem einkennir íbúa helvítis er tortryggni og sjálfstæði, en það sem einkennir íbúa himnaríkis er traust og samlyndi.

Hvað má lesa út úr þessum mun á stöðunum tveimur og íbúum þeirra? Í fyrsta lagi má benda á það, að himnaríki er græn paradís sem Guð hefur skapað, þar sem maðurinn getur lifað hamingjusamur, ef hann er í sínu rétta ástandi. Helvíti er það aftur á móti ekki – það er ekki staður sem Guð hefur skapað, heldur er það staður sem maðurinn hefur skapað til þess að hann þurfi ekki að vera á stað Guðs, þurfi ekki að aðlaga sig lífinu þar. Helvíti er á engan hátt jafnraunverulegt himnaríki (sbr. að draugarnir frá helvíti eru svo óraunverulegir í samanburði við himnaríki og íbúa þess að þeir geta ekki einu sinni brotið grasstrá í himnaríki<sup>50</sup>), né jafnstórt (sbr. þegar MacDonald bendir sögumanninum á litla sprungu í jörðinni í himnaríki og segir honum að þarna ofan í rúmist allt helvíti<sup>51</sup>). Helvíti er ekki einu sinni jafnraunverulegt eða -stórt og hinn efnislegi heimur, eins og kemur fram í samtali sögumannsins við MacDonald:

*„Áttu þá við að Helvíti – öll þessi endalausá tóma borg – sé niðri í einhverri sprungu eins og þessari?“*

*„Já. Helvíti í heild sinni er minna en ein smásteinvala úr jarðneskum heimi þínum; en það er minna en ein frumeind af þessum heimi, Raunheiminum. Sjáðu þetta fiðrildi þarna. Þó það gleypti Helvíti í heild sinni væri Helvíti of lítið til að fiðrildið fyndi af því skaða eða bragð.“<sup>52</sup>*

Þetta segir okkur ýmislegt áhugavert um skoðanir C. S. Lewis. Himnaríki er greinilega, að hans mati, staður sem mannum er ætlað að lifa á. Guð hafi ekki ætlað neinum manni að búa í helvíti, og geri sitt ýtrasta til að koma í veg fyrir að nokkur þurfi að dúsa þar. Að þessu leyti er Lewis fylgjandi Blake sem *The Great Divorce* var skrifuð gegn, en Blake var úniversalisti<sup>53</sup>, þ.e. hann taldi að Guð myndi að lokum taka til sín alla menn, og ekki láta

50 C. S. Lewis, *The Great Divorce*, 1946, s. 21

51 C. S. Lewis, *The Great Divorce*, 1946, s. 137

52 C. S. Lewis, *The Great Divorce*, 1946, s. 138

Á frummálinu er textinn svohljóðandi:

*„Do you mean then that Hell – all that infinite empty town – is down in some little crack like this?“*

*„Yes. All Hell is smaller than one pebble of your earthly world: but it is smaller than one atom of this world, the Real World. Look at yon butterfly. If it swallowed all Hell, Hell would not be big enough to do it any harm or to have any taste.“*

53 [Connecting William Blake with Universalism.](#)

[http://www.associatedcontent.com/article/1563043/connecting\\_william\\_blake\\_with\\_universalist.html?cat=38](http://www.associatedcontent.com/article/1563043/connecting_william_blake_with_universalist.html?cat=38)

neinn glatast. Lewis telur hinsvegar, ólíkt Blake, að vegna þess að maðurinn hafi frjálstan vilja geti hann valið að fjarlægja sig frá Guði, verið sjálfstæður frá honum, og þar með valið helvíti frekar en himnaríki.

#### *Hvað verður um einstaklinginn?*

Lewis virðist ekki telja að helvíti sé lokaður staður, þaðan sem enginn komist þegar hann sé einu sinni kominn þangað (sbr. að strætisvagninn sem gengur milli helvítis og himnaríkis er alltaf til staðar, og hverjum og einum sé frjálst að ferðast með honum til himnaríkis). Ekki er loku fyrir það skotið að þeir sem hafi einu sinni gert sjálfum sér að fara til helvítis geti endurleyst sig, séð villu síns vegar og komist á réttan stað. Hinsvegar sé það erfitt og, ólíkt því sem Blake telur, muni alls ekki allir geta gert það. Sumir hafi einfaldlega ekki getuna og viljann til að velja að búa á þeim stað sem þeim var þó ætlað að búa á (sbr. hvernig skært sólskinið, hörð jörðin, og oddhvasst grasið meiða helvítisdraugana frekar en að vera þeim yndisauki líkt og fasta fólkinu). Þar af leiðandi verði einhverjir að glatast vegna þess að þeir hafi frjálstan vilja, og velji þess vegna sjálfir að lokum sinn dvalarstað.

Þeirra sem velja himnaríki bíður hinsvegar óendanleg sæluvist í ríki Guðs, sem maðurinn var skapaður til að búa í og sem hann, ef hann er í sínu rétta ástandi, mun njóta að eilífu. Þar skiptir einstaklingurinn ekki máli, heldur munu allir gleðjast yfir því sem gott er og fagurt og lofa Guð og gleðjast með honum.

#### *Samantekt*

*The Great Divorce* er stórgóð heimild um skoðanir Lewis á eftirlífinu, þó henni verði að taka með þeim fyrirvara höfundar að hann sé frekar að velta fyrir sér mögulegum aðstæðum og svara kenningarsmiðum sem hann er ósammála en að setja fram fastar trúarskoðanir sínar um nákvæmar aðstæður í lífi eftir dauðann.

Hér ber sérstaklega á hugmyndum um himnaríki og helvíti og farið er mun nánar út í möguleikann á glötun en gert er í *Lokaorrustunni* (sem er vel skiljanlegt þegar um barnabók er að ræða). Hugmynd sem virðist vera Lewis mikilvæg er sú að einstaklingurinn geti vel glatast, en að það sé hans eigið val sem ráði því að hann glatist, frekar en ákvörðun Guðs, sem endurspeglast í því hversu sjálfhverfir íbúar helvítis eru í *The Great Divorce*. Þar sem Guð sé góður hafi hann skapað himnaríki, en helvíti sé ekki hans sköpun eða einu sinni sköpun einhverskonar yfirnáttúrulegra illra afla, heldur sé það staðurinn sem verði óhjákvæmilega til af völdum þeirra manna sem hafi valið að fjarlægjast Guð og því sem gott er, til að þeir geti valið sjálfstæði sitt frekar en stjórn Guðs. Helvíti sé ljótur staður og eymdarlegur, þó hann

megni lítils gagnvart almætti Guðs, og það sé alfarið á ábyrgð þeirra sem þangað fara að losa sig þaðan. Það geti þeir gert, og Guð vilji hjálpa þeim við það, en til þess verði þeir að velja að hafna sjálfstæði sínu og lúta almætti Guðs.

## *Lokaorrustan*

Bækurnar um ævintýralandið Narníu eru líklega þekktustu verk C. S. Lewis, þó hann hafi ritað þær seint á ferli sínum. Þær eru einu barnabækurnar sem hann skrifaði. Í rauninni er sérstakt að hann hafi yfir höfuð ákveðið að skrifa barnabækur, þar sem Lewis eignaðist sjálfur aldrei börn og umgekkst þau lítið sem ekkert fyrri hluta ævi sinnar, hvorki í einkalífi sínu né við störf sín sem háskólakennari.

Lewis bregður ekki út af vananum í Narníubókunum að því leyti að þær eru ákaflega guðfræðimettaðar. Hugmyndin að fyrstu bókinni, *Ljónið, nornin og skápurinn*, kviknaði út frá mynd sem hann hafði lengi haft í huga, af fáni (goðsagnaveru sem er hálf geit og hálfur maður) með fangið fullt af pökkum undir ljósastaur í snjó<sup>54</sup>. Hins vegar komst sagan ekki á skrið, segir Lewis, fyrr en Aslan kom stökkvandi inn í myndina – og dró þá afganginn af sögunum af Narníu á eftir sér<sup>55</sup>. Í Narníubókunum er Lewis að sögn að velta því fyrir sér hvernig væri ef Kristur holdgerðist í öðrum heimi en okkar eigin<sup>56</sup>; það leikur því enginn vafi á því að Aslan er Kristsgervingur. Lewis tekur það meira að segja sjálfur fram berum orðum á ýmsum stöðum, til dæmis í eftirfarandi bréfi frá 3. júní 1953 til ungrar stúlku, Hildu Newman:

*As to Aslan's other name, well I want you to guess. Has there never been anyone in this world who (1.) Arrived at the same time as Father Christmas. (2.) Said he was the Son of the Great Emperor. (3.) Gave himself up for someone else's fault to be jeered at and killed by wicked people. (4.) Came to life again. (5.) Is sometimes spoken of as a Lamb (see the end of the Dawn Treader). Don't you really know His name in this world? Think it over and let me know your answer!*<sup>57</sup>

Fyrstu sex Narníubækurnar koma því inn á ótal fjölbreytt efni tengd kristinni guðfræði – s.s. hjálpræði, synd, upprisu, fyrirgefningu, trú og bæn. Hins vegar var óhjákvæmilegt í bókaflökki sem átti að fjalla um sögu ævintýraheims útfrá kristnu sjónarhorni að koma inn á dauða og eftirlíf. Það er í sjöundu og jafnframt síðustu bókinni, *Lokaorrustunni*, sem Lewis gerir það.

Það er dimmara yfir Narníu í *Lokaorrustunni* heldur en í fyrri bókunum. Falskur Aslan

54 C. S. Lewis, *It All Began With a Picture*, 1966, s. 42

55 *C. S. Lewis: Biography from Answers.com, Fairy Tale Companion*, <http://www.answers.com/topic/c-s-lewis>

56 *Aslan – Narniaweb*, <http://wiki.narniaweb.com/index.php/Aslan>

57 Paul F. Ford, ritstj., *Yours, Jack – The Inspirational Letters of C. S. Lewis*, 2008, s. 206

kemst á kreik og byrjar að leggja Narníu í rúst í nafni framfara. Tírían, konungur Narníu, biður hinn raunverulega Aslan að hjálpa sér með því að senda mennsk börn til hjálpar – sem hann og gerir. Í hönd fer grimmileg orrusta milli Tíríans, barnanna og annarra hliðhollra hinum rétta Aslan og stuðningsmanna hins falska Aslans. Blóðbaðinu lýkur loks með því að hinn sanni Aslan kemur og bindur endi á Narníu. Hann tekur síðan allar góðu verurnar, dauðar og lifandi, með sér inn í eilífðarríki sitt, hina nýju Narníu. Þar eru fyrir allar góðu verur Narníu sem á undan hafa farið, auk nær allra mennskra persóna fyrri bóka. Systkinin Pétur, Játvarður og Lúsía, þrjár aðalpersónanna úr *Ljóninu, norninni og skápnunum og Kaspían konungssyni*, auk Pálu og Diðriks, sem gegndu aðalhlutverki í *Frænda töframannsins*, eru líka komin til hinnar nýju Narníu, að lifa þar að eilífu með Aslan. Með þeim öllum verða fagnaðarfundir við lok bókarinnar.

Þó allar Narníubækurnar byggi að miklu leyti á biblíulegu efni gerir engin þeirra það á augljósari hátt en Lokaorrustan. Lewis sækir mjög greinilega í efni Opinberunarbókar Jóhannesar við lýsingar sínar á síðustu dögum Narníu, endalokum heimsins og dómi Aslans yfir öllum verum. Sem gott dæmi um þetta má nefna frásögnina af því þegar Aslan stendur í dyragáttinni og skiptir verunum í tvo hópa, sinn hvoru megin við sig – annar stendur í ljósinu, en hinn fellur undir skugga Aslans, hverfur og sést aldrei framar<sup>58</sup>. Þessi kafli bókarinnar er mjög áhrifaríkur, stór í sniðum, og ákaflega myndrænn – því er t.d. lýst hvernig allur gróður jarðarinnar er étinn af undarlegum verum, sem síðan deyja sjálfar og rotna. Stjörnurnar falla ein af annarri og sólin og tunglið eyða hvort öðru. Þessi nákvæma lýsing minnir reyndar um margt frekar á goðsögu en lýsingar Opinberunarbókarinnar, sem er öllu ónákvæmari. C. S. Lewis var mikill áhugamaður um goðafræði<sup>59</sup>, þannig að ímyndunarafl hans hefur væntanlega litast mikið af sögum eins og t.d. norrænu sögunni um Ragnarök. Hér, eins og má í raun segja um Narníubækurnar í heild, virðist Lewis því samræma hugmyndir kristinnar brennandi áhuga sínum á goðsögum.

Atriði í *Lokaorrustunni* sem er nokkuð umdeilt er Kalormenarnir, illir útlendingar sem eru nær allir í liði með hinum falska Aslan. Lewis þykir gefa í skyn mikla kynþáttafordóma með lýsingum sínum á Kalormenunum og framferði þeirra<sup>60</sup> – þeir eru upp til hópa vondir, slóttugir og gráðugir djöfladýrkendur (þar sem þeir tilbiðja hinn vonda guð Tass) og persónugervingar neikvæðra staðalímynda um Miðausturlandabúa í útliti og ýmsum

58 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 163

59 Þetta birtist sem rauður þráður í sjálfsævisögu Lewis, *Surprised by Joy*.

60 *In Defense of C. S. Lewis*, <http://www.theatlantic.com/past/docs/issues/2001/10/easterbrook.htm>

persónueinkennum. Þetta hefur meðal annars verið varið með því benda á að ekki séu allir Kalormenarnir svona, þar sem einn þeirra er góður og kemst til nýju Narníu með góðu Narníubúunum – en það breytir því ekki að hann var bara einn, auk þess að hann var sagður afbrigðilegur meðal Kalormena. Einnig hefur verið bent á (og er það mun sterkari vörn) að Lewis hafi lifað á öðrum tímum og að svona staðalímyndir og holdgerving þeirra í bókmenntum hafi verið mun algengari þá og mun ásættanlegri.

Dvergarnir, sem sjá falska Aslan og missa við það alla trú á hinn raunverulega Aslan, eru áhugaverð persónugerving Lewis á efahyggjumönnum. Þeir eru gerðir að frekar skoplegum en jafnframt brjóstumkennanlegum persónum sem hæðast að öllu og öllum og neita að trúu, sama hvaða sannanir eru bornar fyrir þá. Þeir eru í rauninni hvorki góðir né vondir, berjast bæði með og á móti Tírían konungi og liði hans, eftir því hvað þeim hentar hverju sinni (sem bendir til þess að þeir séu líka að einhverju leyti nytjahyggjumenn, þ.e. þeir sem aðhyllast þá siðfræðistefnu að best sé að gera það sem þeir græða mest á hverju sinni). Þeir komast að lokum inn í nýju Narníu en gera sér ekki grein fyrir því á hversu góðum stað þeir eru, sitja samanhnipraðir með lokuð augun og „láta ekki blekkjast“<sup>61</sup>. Þetta er broslæg en jafnframt hálfkvikindisleg skopstæling á efahyggjumönnum og bendir sterklega til skoðana Lewis á þeim.

#### *Hvernig birtist dauðinn?*

Í Lokaorrustunni er minna fjallað um sjálfa dauðastundina en í öðrum skáldverkum Lewis sem koma inn á dauðann – hugsanlega vegna þess að þetta er jú barnabók, og nákvæmar lýsingar á þjáningu dauðastundarinnar eru þess vegna kannski ekki alveg við hæfi. Samt mildar Lewis alls ekki hlutina, þó hann tali kannski minna um þá en hann hefði gert í skáldsögu fyrir fullorðna: Tírían, Gimsteinn og Elfráður falla öll í orrustunni við Stable Hill, og Pétur, Játvarður, Lúsía, Pála og Diðrik farast öll í lestarslysi í sínum eigin heimi. Þó Lewis láti sér nægja að segja að þau hafi dáið og á hvaða hátt, án þess að dauðastundinni sé lýst, er auðvelt fyrir lesandann að gera sér í hugarlund atriðin sem Lewis lýsir ekki nákvæmlega. Dauðinn sjálfur er ljótur hlutur, hér sem í öðrum skrifum Lewis.

Viðhorfið, sem söguhetjur *Lokaorrustunnar* hafa til dauðans, er hið hetju-rómantíska viðhorf sem birtist svo víða hjá Lewis. Það er betra að deyja með sæmd en lifa með óheiðri<sup>62</sup>; betra að mæta örlögum sínum fyrir málstað hins rétta en að flýja af hólmi<sup>63</sup>. Söguhetjurnar

61 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 155

62 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 100

63 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 104



ganga vitandi í dauða sinn í bardaganum, meðvitaðar um að dauðinn sé skelfilegur hlutur, en jafnframt að hann sé eitthvað sem þær verði að ganga í gegnum.

Það segir mikið um upplifun og skoðanir Lewis sjálfs að hvergi í *Lokaorrustunni* hugga söguhetjurnar sig við það að þeirra bíði betra líf handan dauðans, eða reyna að gera lítið úr yfirvofandi dauða sínum vegna þess að þær viti að þær fái bráðum verðskulduð laun sín í landi Aslans; áherslan er öll á sæmdina, á mikilvægi þess að berjast fyrir réttlætinu, að breyta rétt jafnvel þó það leiði hetjurnar í dauðann. Áhugavert er að sjá, að *Lokaorrustan* talar ekkert um þjáningar og dauða Krists (eða Aslans) í samhengi við dauðann. Hér hefði mátt halda að Lewis væri líklegur til að koma inn á slíkt, en öll áhersla hans er á sæmd og nauðsyn dauðans, frekar en að reyna að draga úr broddi dauðans með því að tala um að Kristur (Aslan) hefði einnig þjáðst og dáið, og yfirstigið það.

Lewis var uppi á tímum beggja heimsstyrjalda 20. aldar og lá sjálfur í skotgröfum þeirrar fyrri<sup>64</sup> – upplifun hans þar, eins og svo margra, gjörbylti viðhorfi hans til dauðans. Hann og allir hinir hermennirnir gengu í gegnum það að sjá vini sína deyja við skelfilegar aðstæður, vitandi það að þeir gætu sjálfir verið næstir. Tilhugsunin um himnesk uppbótarverðlaun að dauðanum loknum, eða jafnvel tilhugsunin um að Kristur hefði þjáðst og dáið á krossinum, hefur varla hjálpað mikið manni sem lá í skotgröf innan um lík félaga sína og velti því fyrir sér hvort næsta skotárás yrði hans síðasta. Með þetta í huga er ekki að furða að Lewis, sem hafði sjálfur verið í slíkum aðstæðum, leggi meiri áherslu á að dauðinn sé skelfilegur en það sé samt sem áður rétt að deyja fyrir réttan málstað, heldur en að einstaklingurinn hljóti umbun á himnum eftir dauðann, eða að Kristur hafi þjáðst á undan honum sjálfum.

#### *Hvað tekur við?*

Eftir að orrustunni lýkur uppgötva söguhetjurnar að byggingin sem hafði áður aðeins verið lítill skúr, er nú á dularfullan hátt orðin eitthvað allt annað. Þegar þangað kemur inn sér Tírían að hann stendur á mjúku grasi, yfir honum er blár himinn og í kringum hann vaxa ávaxtatré<sup>65</sup>. Enginn er lengur særður eða skítugur; allir eru hreinir og prúðbúnir, auk þess að enginn er lengur ungur eða gamall – allir eru á einhvern undarlegan hátt tímalausir í aldri og útliti<sup>66</sup>. Aslan sjálfur birtist fljótlega, bindur endi á Narníu, og tekur til sín alla þá sem eru honum

64 C. S. Lewis, *Surprised by Joy*, 1955, 226-227

65 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 147

66 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 144

hliðhollir. Eins og áður segir minnir sá kafli um margt á kafla Opinberunarbókarinnar, og byggir greinilega sterklega á því riti. Eftir að dómurinn hefur átt sér stað uppgötva söguhetjunnar sér til mikillrar undrunar að þær eru enn staddar í Narníu – en það er Narnía sem er enn betri en hin upprunalega Narnía, stærri, bjartari, fallegrri, og á einhvern undarlegan hátt „Narníulegri” og raunverulegri<sup>67</sup>. Aslan upplýsir þau um að þetta sé vissulega hin raunverulega Narnía – sú Narnía sem þau þekktu hafi aðeins verið dauf skuggamynd af þessari. Hér munu þau síðan dvelja til frambúðar í sæluvist með öllum góðum ástvinum sínum og Aslan sjálfum.

Lewis virðist hér aðhyllast hina kristnu hugmynd um lokadóminn – að Kristur muni snúa aftur við endalok veraldar, dæma menn til glötunar eða hjálpræðis, og stofnsetja ríki sitt sem muni engan endi taka. Aslan virðist mun fjarlægari í þessum texta heldur en í flestum öðrum; hann er Kristur í dómarahlutverkinu, hinn réttláti en harði drottari heimsins, sem bindur endi á veröldina og lokar dyrunum á hana þegar hún er orðin myrk og köld. Eftir að þessum stórbrotna en súrrealíska kafla *Lokaorrustunnar* lýkur virðist Aslan þó fara aftur í það hlutverk sem hann gegnir yfirleitt í Narníubókunum – hann verður aftur kraftmikil og undarleg, en jafnframt persónuleg og velviljuð, Kristsímmynd.

Hin nýja Narnía (sem mætti jafnvel kalla hina upprunalegu Narníu) er ákaflega áhugaverð hugmynd. Hér er óneitanlega um platónsk áhrif að ræða: betri og fallegrri veröld, jafnvel fullkomin, sem hin efnislega veröld er byggð á. Allt það sem er gott og fagurt í Narníu á uppruna sinn að rekja til þessarar frummyndar Narníu og er þar að finna í betrumbættri mynd. Hér virðist Lewis samtvinna hina kristnu hugmynd um óendanlegt, fullkomið framtíðarríki Guðs við hugmynd Platóns um heim frummyndanna – þ.e.a.s. að allt sem til er eigi sér upprunalega frummynd í frummyndaheiminum, þaðan sem allt er sprottið. Lewis lætur jafnvel eina söguhetjuna, Diðrik, vísa í Platón í þessu samhengi: „*Þetta stendur allt hjá Platóni, allt hjá Platóni. Guð minn góður, hvað er eiginlega kennt í þessum skólum nú á dögum?*”<sup>68</sup>. Það virðist vera stíleinkenni Lewis að samnýta gjörólíka þætti til að skapa nýjar og frumlegar hugmyndir: hann fléttar goðafræði saman við kristna hugmyndafræði til að fá út heimsmynd Narníu, og hér fléttar hann Platón saman við kristna hugmyndafræði, og fær út ákaflega merkilega og fallega hugmynd um eftirlífið.

---

67 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 179

68 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 180-181

### *Hvað verður um einstaklinginn?*

Hinir góðu vinir Narníu og Aslans komast, eins og áður segir, til ríkis Aslans, þar sem er að finna allt sem var jákvætt við hina gömlu Narníu. Enginn finnur lengur fyrir elli<sup>69</sup>, þreytu<sup>70</sup>, hræðslu<sup>71</sup> eða sársauka<sup>72</sup>, og við tekur sæluvist í hinni nýju Narníu. Í *Lokaorrustunni* er farið býsna vel yfir örlög og farsælan endi aðalsöguhetjanna og vina þeirra; töluvert minna er talað um örlög annarra persóna.

Býsna nákvæm lýsing er gefin á örlögum apana, höfuðpoursins á bak við hinn falska Aslan, og Rishda Tarkaans, yfirmanns Kalormenanna: þeir lenda báðir að lokum í klónum á hinum illa, ljóta guði Kalormenanna, Tass. Þó Tass sé bæði raunverulegur og slæmur virðist hann ekki gegna beinlínis satanísku hlutverki í *Lokaorrustunni*. Eftir að hafa gegnt hlutverki sínu við að éta apann og fara burt með Rishda (samkvæmt skipunum Aslans) hverfur hann, og sést ekki aftur. Aslan segir sjálfur að hann og Tass séu andstæður og gjörólíkir<sup>73</sup>. Er mögulegt að túlka Tass sem einhverskonar neikvæða andhverfu Aslans, undirmann hans sem sér um verkin sem Aslan getur, eðli síns vegna, ekki sinnt?

Um þær verur sem ekki eru hliðhollar Aslan þegar kemur að dómi hans við endalok Narníu segir Lewis mun minna. Þær fara, eins og áður segir, inn í skugga Aslans: *Börnín sáu þau ekki framfar. Ég veit ekki hvað af þeim varð.*<sup>74</sup> Ekkert meira er gefið upp um afdrif þeirra. Lewis lætur ekki uppi hvort þessar verur hafi endað í einhverskonar helvíti (þá hugsanlega, ef Lewis var mjög grimmur við þær, farið í vörslu Tass), eða bara slokknað og hætt að vera til; eða kannski lætur hann örlög þeirra einfaldlega liggja á milli hluta.

Eini Kalormeninn sem kemst til lands Aslans er ungi hermaðurinn Emeth. Hann hefur þjónað Tass dyggilega alla tíð, en þegar hann hittir Aslan er honum sagt að allt það góða sem gert sé í nafni Tass sé þjónusta við Aslan, en allt það illa sem gert er í nafni Aslans sé þjónusta við Tass; Emeth hafi því í rauninni þjónað Aslan<sup>75</sup> alla tíð. Þetta er ákaflega áhugavert þegar það er skoðað í ljósi trúfræðilegu spurningarinnar sem hefur lengi plagað kristnina, um hvað

---

69 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 149

70 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 182

71 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 184

72 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 185

73 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 175

74 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 163

75 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 175

verði um gott fólk af öðrum trúarbrögðum við dauðann, ef kristna leiðin er sú eina rétta.

Það vekur athygli margra að Pevensie-systkinin sem komast til nýju Narníu eru bara þrjú – Pétur, Játvarður og Lúsía, en Súsanna systir þeirra verður eftir í „okkar” heimi. Lewis hefur oft verið gagnrýndur fyrir það að í *Lokaorrustunni* kemur fram að Pétur, Játvarður og Lúsía, foreldrar þeirra, Júlía og Elfráður auk Diðriks og Pálu hafi öll látist í sama lestarslysini og séu því komin til „himna”. Fyrir utan að þykja heldur grimmilegt í barnabók felur þetta líka í sér ömurleg örlög fyrir Súsönnu – hún er ein eftir þegar foreldrar hennar og öll systkini deyja og fara saman til nýju Narníu. Súsanna var ekki vond persóna, hún hafði bara misst trúna og áhugann á Narníu, fjarlægst þennan heim systkina sinna og fengið meiri áhuga á hinum efnislega heimi<sup>76</sup>. Lewis varði reyndar þessa meðferð sína á Súsönnu með því að segja að bækurnar segðu ekkert til um líf Súsönnu eftir þetta, það væri vel mögulegt að Súsanna kæmist sjálf til nýju Narníu þegar hún létist<sup>77</sup> – en örlög Súsönnu eru engu að síður ansi átakanleg, sérstaklega þegar haft er í huga að þetta er saga fyrir börn. Þess má geta að breski rithöfundurinn Neil Gaiman tekst á við þessi grimmilegu örlög Súsönnu í smásögu sinni *The Problem of Susan*<sup>78</sup>.

#### *Samantekt*

Í *Lokaorrustunni* er að finna miklar og skýrar hugmyndir um það sem Lewis telur að gæti mögulega gerst eftir dauðann. Persónurnar deyja með sæmd og fara þá fyrir réttlátan dóm Aslans þegar hann bindur enda á hinn efnislega heim; þar lenda þeir sem ekki eru honum hliðhollir úti í myrkrinu, en þeir sem elska Aslan komast áfram, hærra upp og lengra inn<sup>79</sup>, í heim sem er að öllu leyti betri en sá sem þau bjuggu í, og mun endast að eilífu. Þar fá söguhetjurnar að búa í félagsskap við Aslan og alla ástvini sína.

---

76 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 145-146

77 Alan Jacobs, *The Narnian*, 2005, s. 260

78 Neil Gaiman, *Fragile Things*, 2006, s. xxii

79 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 178

## Helstu hugmyndir Lewis – niðurstöður

Að þessari yfirferð lokinni er rétt að taka saman það helsta sem segja má um hugmyndir C. S. Lewis um dauða og eftirlíf eftir lestur þessara bóka. Sérstaklega er mikilvægt að taka hér tillit til þeirrar tímaráðar, sem bækurnar voru skrifaðar í, og það sem lesa má út úr henni um þróun hugmynda Lewis, en einnig er gagnlegt að skoða það efni sem kemur fram í skáldsögunum með tilliti til ævihlaups Lewis sem og annarra verka hans.

### *Viðhorf Lewis til dauðans*

Viðhorfið sem birtist um dauðann í *Sendibréfum frá Kòlska*, sem út kom 1942, er, eins og áður hefur komið fram, tiltölulega jákvætt. Ungi maðurinn vinnur í sögunni ákveðinn sigur á djöflum sínum með því að deyja í réttu ástandi – það er hinum himnesku yfirvöldum fagnaðarefni<sup>80</sup> og verður djöflunum til ósegjanlegrar gremju og reiði. Vissulega er dauðinn skelfilegur hlutur í sögunni – en hann er það aðeins á yfirborðinu. *Þú deyrð og deyrð, en síðan er dauðinn einn dag að baki*<sup>81</sup>, segir á einum stað, og er það ágætis samantekt á viðhorfum til dauðans sem koma fram í *Með kveðju frá Kòlska* til dauðans; en þar er dauðinn í rauninni jákvæður hlutur.

Næst í tímaröðinni er *The Great Divorce*, sem kom fyrst út árið 1946. Þar er dregið töluvert úr jákvæðni Lewis í garð dauðastundarinnar; þó viðhorfið sé ekki beinlínis neikvætt er hér ekki að finna neina kafla sem beinlínis fagna dauðanum, eins og mætti segja um *Með kveðju frá Kòlska*. Áherslan er vissulega á eftirlífið frekar en að einblína á hinn efnislega dauða, en þar sem minnst er á hann er viðhorfið nær því að vera hlutlaust en jákvætt eða neikvætt.

Síðasta skáldsaga Lewis þar sem dauðinn kemur fram á áberandi hátt er *Lokaorrustan*, sem út kom 1956. Hér má aftur greina ákveðna þróun í hugsun höfundar – mun meiri áhersla er nú lögð á hrylling dauðans, aðdraganda hans og dauðastundina sjálfa sem síðustu hindrunina, heldur en á verðlaunin sem bíða einstaklingsins að dauðanum yfirstignum. Vissulega leggur Lewis enn áherslu á eftirlífið í *Lokaorrustunni* – en hann fer ekki fínt í umfjöllun um aðdraganda dauðans, eða dregur úr alvarleika hans og sársauka, þrátt fyrir að hér sé um barnabók að ræða.

Af þessu má sjá að ákveðin þróun hefur átt sér stað í því hvernig Lewis hugsar um

---

80 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kòlska*, 1982, s. 174-175

81 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kòlska*, 1982, s. 173

dauðann, eða a.m.k. hvernig hann kýs að birta hann. Eftir því sem á feril hans líður tekur hann að leggja meiri áherslu á dauðann sem erfiðan hlut, skelfilegan atburð frekar en léttvægan. Líklegt er að aldur Lewis og samskipti hans við allskonar fólk um trúarleg málefni séu aðalástæðurnar að baki þessari hugmyndalegu þróun – hugsanlegt er að dauði frú Moore 1951 hafi haft einhver áhrif á hugmyndir hans um dauðann, en Lewis tjáði sig alltaf mjög lítið um samband þeirra, og því er ekki hægt að hafa uppi neitt annað en getgátur um það.

Segja má að það sé synd að Lewis hafi ekki skrifað neina skáldsögu eftir lát Joy, eiginkonu sinnar, 1960; afar fróðlegt hefði verið að sjá hvernig hann birti dauðann í skáldsöguformi eftir að hafa sjálfur gengið í gegnum slíka reynslu. Bókin *A Grief Observed*, sem út kom 1961, fjallar einmitt um upplifun Lewis á sorginni sem fylgir því að missa jafn náinn ástvin og eiginkonu sína, og gefur okkur góða hugmynd um áframhald þróunar hugmynda hans. Þar kveður við töluvert annan tón en í skáldsögunum þremur sem hér hefur verið fjallað um – Lewis tjáir sorg sína og reiði í garð Guðs fyrir að hafa gert honum þetta, að taka Joy frá sér. Dauðinn er málaður sem ógn og skelfing, og birtist í allt annarri mynd en hann hefur hingað til gert í verkum Lewis. Í *Sendibréfum frá Kölska* var dauðinn einföld þraut, sem aðeins þurfti að yfirstíga og þá tók við eilíf sæluvist, verðlaun hins rétttrúaða. Hér, 19 árum síðar, er dauðinn orðinn sársaukafullur þröskuldur. Lewis er ekki viss hvað tekur við handan hans, eða einu sinni hvort það sé betri staður:

*They tell me H. is happy now, they tell me she is at peace. What makes them so sure of this? I don't mean that I fear the worst of all. ... But why are they so sure that all anguish ends with death? ... How do they know she is "at rest"? ... "Because she is in God's hands." But if so, she was in God's hands all the time, and I have seen what they did to her here. Do they suddenly become gentler to us the moment we are out of the body?*<sup>82</sup>

Lewis heldur áfram á þessum nótum í *A Grief Observed*; hann dregur í efa gæsku Guðs, að valda slíkum þjáningum, og veltir jafnvel fyrir sér hvort það sem bíði hinumegin geti verið eitthvað betra, hvort Guð haldi ekki einfaldlega áfram pyntingum sínum þar. Að lokum virðist hann þó sættast við Guð, a.m.k. að einhverju leyti – hann lýkur bókinni á að fullvissa sig um að hann geti, eftir allt saman, ekkert vitað um hvað taki við<sup>83</sup>, og að hann verði að hafa traust á Guði. Þó getur ekki verið annað en að þessi sorgarupplifun hafi haft mikil og mótandi áhrif á skoðanir Lewis á dauðanum, og því hefði verið áhugavert ef hann

82 C. S. Lewis, *A Grief Observed*, 1961, s. 24-25

83 C. S. Lewis, *A Grief Observed*, 1961, s. 50-64

hefði skrifað aðra skáldsögu eftir þessar upplifanir sínar.

### *Skoðanir Lewis á helvíti og himnaríki*

Þar sem Lewis talar um dauðann í skrifum sínum einblínir hann mikið á eftir líf. Því er rétt að líta nú nánar á það sem komast má að um skoðanir hans á himnaríki, helvíti og hreinsunareldi með lestri skáldsagna hans. Lewis tók þó alltaf fram að lítið sem ekkert væri hægt að vita fyrir víst um eftirlífið<sup>84</sup> – það væri eitthvað sem maðurinn gæti ekki skilið núna, heldur myndi það opinberast honum síðar, þegar þar að kæmi. Það besta sem hægt væri að gera í núverandi stöðu væri að undirbúa sig eins vel og kostur væri á skv. þeim leiðbeiningum sem mannum væru aðgengilegar í gegnum hina kristnu trú. Það er ekki um að villast að Lewis trúði á bæði helvíti og himnaríki, og virðist þar að auki hafa haft ákveðnar hugmyndir um hreinsunareld, þrátt fyrir að vera meðlimur ensku biskupakirkjunnar en ekki þeirrar kaþólsku.

Þrátt fyrir að hann teldi að maðurinn gæti lítið vitað um eftirlífið skrifar Lewis töluvert um það sem gæti mögulega gerst eftir dauðann. Helvíti birtist tiltölulega reglulega í skrifum hans, jafnvel oft og þá skýrar en himnaríki (sjá neðar). Skýringin á þessu gæti verið sú að Lewis virðist telja helvíti mun nær hinu jarðneska lífi en himnaríki, að hið illa sem birtist mannum í lífi sínu geri honum kleift að skilja betur helvíti en himnaríki, þó himnaríki sé staðurinn sem honum sé ætlað að enda á. Þessi hugmynd virðist vera sérlega sterk með Lewis á fyrri hluta ferils hans, þegar hann ritar hálfroslegar djöfla- og helvítismyndir sínar eins og þær birtast í t.d. *Sendibréfum frá Kölska* og vísindaskáldsögunni *Perelandra*<sup>85</sup>. Þar er hið

---

84 C. S. Lewis, *The Great Divorce*, 1946, s. x

85 Þó er alls ekki hægt að segja að Lewis sýni hið illa sem eitthvað fullkomlega meinlaust og hlægilegt. Í

*Perelandra*, þar sem hann veltir fyrir sér ýmsum möguleikum í tengslum við hugmyndina um syndafallið og hið illa í mannum, er persóna Weston persónugervingur hins djöfullega, og reyndar andsetinn af einhverskonar djöfulegri veru. Hann er andstæðingur söguhetjunnar, Ransom, og vinnur gegn því markmiði hans að bjarga hinni saklausu Tinidril frá freistingum og spillingu. Lýsingarnar á Weston, bæði útliti hans og gjörðum, eru óhugnanlegar:

*We have all often spoken – Ransom himself had often spoken – of a devilish smile. Now he realised that he had never taken the words seriously. The smile was not bitter, nor raging, nor, in an ordinary sense, sinister; it was not even mocking. It seemed to summon Ransom, with a horrible naïveté of welcome, into the world of its own pleasures ... Ransom perceived that he had never before seen anything but half-hearted and uneasy attempts at evil. ... This creature was whole-hearted. The extremity of its evil had passed beyond all struggle into some state which bore a horrible similarity to innocence.* (sjá C. S. Lewis, *Perelandra*, 1943, 134-135)

Hið illa, þó Lewis geri sitt besta til að sýna það í broslegu ljósi, er því greinilega samt eitthvað ljótt og

slæma afbökun á mannlegu lífi, hið illa er tekið og ýkt og stækkað, en um leið látið skína í gegn hversu lítilfjörlegt það er í samanburði við hið góða.

En hvað er helvíti? Í *The Great Divorce* segir Macdonald við sögumanninn:

*Helvíti er hugarástand – það er hverju orði sannara. Og hvert hugarástand, eitt og sér, ef vera lokar sig inni í dýflissu huga síns – er, þegar allt kemur til alls, helvíti. En himnaríki er ekki hugarástand. Himnaríki er raunveruleikinn sjálfur.*<sup>86</sup>

Rauði þráðurinn í þessum efnum í skáldverkum Lewis er því það hversu lítilfjörlegt og aumkunarvert helvíti er, þrátt fyrir að vera svona skelfilegur staður. Hið illa má sín í raun lítills nema maðurinn sjálfur velji það með frjálsum vilja sínum, eins og sést vel í *The Great Divorce*. Helvíti er ömurlegur dvalarstaður, en það er minna en minnsta steinvala himnaríkis, og öllum er frjálst að fara þaðan þegar þeir vilja, taki þeir ákvörðun um að breyta háttarni sínu þannig að þeir hreinlega þoli að búa á himnum. Tass í *Lokaorrustunni* verður að hlýða öllum skipunum Aslans, og myrkrið sem gleypir verurnar sem ekki gátu litið framan í Aslan á lokadeginum er svart, en ekki stórt. Djöflarnir í *Með kveðju frá Kölska* eru hálfbrjóstumkennanlegar verur, sem lifa eins og sníkjudýr á því sem hefur verið skapað af hinu góða – þeir geta aðeins afbakað það, ekki skapað sjálfir<sup>87</sup>. Að öðru leyti en þessu birtist helvíti þó í mjög mismunandi myndum eftir því um hvaða rit Lewis ræðir. Í *The Great Divorce* er það undarlegur staður, að mestu skapaður af mannum sjálfum. Aftur á móti birtist það í *Með kveðju frá Kölska* í sinni hefðbundnustu mynd, með eldi, brennisteini, djöflum og þjáníngum. Í *Lokaorrustunni* er síðan lítið sem ekkert farið í það – hreinlega má draga í efa hvort helvíti sé þar staður, frekar en einfaldlega einhverskonar slokkun. Erfitt er að vita hvað verður um verurnar sem hverfa í skugga Aslans.

Áberandi einkenni allra skrifa Lewis um himnaríki er hversu lítið hann í rauninni fjallar um það, miðað við hve mikið hann fjallar þó um framhaldslífið í bókum sínum. Þetta er augljóst í *Með kveðju frá Kölska*, þar sem djöflarnir geta ekki séð hvað taki við þegar ungi maðurinn deyr og fer til himna. Við fyrstu sýn kann þó að virðast sem bækur eins og

---

hættulegt í huga höfundar.

86 C. S. Lewis, *The Great Divorce*, 1946, s. 70

Á frummálinu er textinn svohljóðandi:

*Hell is a state of mind – ye never said a truer word. And every state of mind, left to itself, every shutting up of the creature within the dungeon of its own mind – is, in the end, Hell. But Heaven is not a state of mind.*

*Heaven is reality itself.*

87 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kölska*, 1982, s. 45



*Lokaorrustan* eða *The Great Divorce* fjalli frekar ítarlega um himnaríki, jafnvel ítarlegar en Lewis fjallar um helvíti. Þó er ekki svo. Báðar þessar bækur fjalla vandlega um einhverskonar forgarð himnaríkis, auk þess að taka fram að einhverskonar innra himnaríki sé einnig til, lengra inni í sjálfu ríki Guðs. Þar sé Guð sjálfur, og þar muni þeir sem eigi það skilið dvelja til eilífðar. Um þetta innra himnaríki, hina raunverulegu paradís, fjallar Lewis lítið sem ekkert. Í *Lokaorrustunni* segir hann einungis: „það sem nú var að hefjast var svo stórfenglegt og fagurt að um það get ég ekki skrifað“<sup>88</sup>, og í *The Great Divorce* er einungis gefið í skyn að allt sé ólýsanlega mikið dásamlegra lengra inni, uppi í fjöllunum<sup>89</sup>. Þetta gæti orsakast af því að Lewis telur engan mennskan mann hæfan til þess að gera sér í hugarlund hvað geti átt sér stað á himnum. Segja má að hann telji helvíti vera skopstælingu og afbökun á mannlegu lífi, en himnaríki upphafningu og betrubætur á því. Maðurinn geti skilið helvíti betur því það sé fyrir neðan hans tilverustig, en hafi aftur á móti minni skilning á himnaríki, þar sem það sé fyrir ofan (og þar með fyrir ofan hans skilning).

#### *Skoðanir Lewis á hjálpræði og hreinsunareldi*

En hverjir eru það sem munu, samkvæmt skoðunum Lewis, komast til himna? Þessa spurningu um hjálpræði glímir höfundur meðal annars við í *Lokaorrustunni*, þar sem allir íbúar Narníu koma fram fyrir Aslan og mæta ásjónu hans. Sumir hræðast hann – þeir hverfa og sjást aldrei aftur. Á meðan eru aðrir sem elska hann og safnast þá að honum<sup>90</sup>. Í *The Great Divorce* er öllum íbúum helvítis frjálst að ganga um forgarða himnaríkis<sup>91</sup> og þiggja boð um að dvelja þar áfram ef þeir eru tilbúnir að breyta lífi sínu til hins betra.

Þetta segir margt um hugmyndir Lewis um hjálpræðið. Lewis trúði því að hjálpræði væri aðeins að finna innan kristinnar trúar<sup>92</sup>. Ef það er gefið vaknar fljótt spurningin um hvaða örlög þeir hljóti sem ekki aðhyllast kristna trú. Glatast þeir sjálfkrafa? Fá þeir annað tækifæri? Munu allir hljóta hjálpræði að lokum? Greinilegt er af skrifum Lewis að hann hefur velt þessum spurningum fyrir sér. Í riti sínu *The Problem of Pain*, frá 1940, segir Lewis berum orðum að hann geti ekki trúað því að allir muni að lokum frelsast<sup>93</sup>. Þetta sé vegna þess að það

88 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 193-194

89 C. S. Lewis, *The Great Divorce*, 1946, s. 74

90 C. S. Lewis, *Lokaorrustan*, 1997, s. 163-164

91 C. S. Lewis, *The Great Divorce*, 1946, s. 75

92 C. S. Lewis, *Mere Christianity*, 1952, s. 35-39

93 C. S. Lewis, *The Problem of Pain*, 1940, s. 119-120

að trúa því væri í andstöðu við það sem stendur í Biblíunni, auk þess að stríða gegn skynseminni. Manninum hafi verið gefinn frjáls vilji, og með þessum frjálsa vilja geti hann valið að gera uppreisn gegn Guði. Það að gera ráð fyrir því að allir öðlist hjálpræði, segir Lewis, væri því að afneita frjálsum vilja mannsins.

Lewis álitur að sumir séu einfaldlega of djúpt sokknir til að geta tekið á móti hjálpræði og að Guð vilji ekki taka fram fyrir hendurnar á þeim með því að breyta þeim með valdi. Einnig álitur hann að enginn geti öðlast himnaríkisvist nema með því að vera orðinn Guði þóknanlegur. Hann telur þó að allir eigi skilið eins mörg tækifæri til að iðrast og breyta rétt og þeir geti mögulega fengið<sup>94</sup> – jafnvel eftir dauðann. Án þess að setja nokkursstaðar beinlínis í orð kenninguna um hreinsunareldinn, er Lewis þó á þeirri skoðun að fullkomnun mannsins<sup>95</sup> ljúki væntanlega ekki í þessu lífi, heldur haldi áfram eftir dauðann<sup>96</sup>. Þetta birtist vel í skáldsögum hans, sérstaklega vel þó í *The Great Divorce*. Íbúar helvítis geta alltaf farið upp í forgarða himnaríkis og valið að dvelja þar áfram ef þeir velja að bæta sig. Verurnar í Narníu, sem aldrei hafa séð Aslan, fá tækifæri sitt til að sjá hann við endalokin og velja þá hvort þær vilji fylgja honum eða ekki. Þar birtist greinilega skoðun Lewis á því hvað verði um fólk sem heyri aldrei hinn kristna boðskap, og fái því aldrei tækifæri til að taka kristna trú; hún felst í þeirri hugmynd hans að fullkomnun mannsins haldi áfram eftir dauðann, að allir muni mæta almættinu á lokadeginum og fá að velja. Í *Letters to Malcolm*, sem fyrst kom út 1964, spyr Lewis sig hvort hann sé að setja fram sína útgáfu af kenningunni um hreinsunareldinn: þessu svarar hann sjálfum sér með *Well, I suppose I am*.<sup>97</sup> Hann útskýrir það með því að segja að hann líti þó frekar á þessa hugmynd þannig að verið sé að hreinsa síðustu leifar jarðneskra synda af manninum, heldur en að verið sé að refsa honum fyrir syndirnar áður en hann fái leyfi til að koma inn í himnaríki<sup>98</sup>.

### *Samantekt*

Greinileg þróun verður á ritferli Lewis í hugsun hans um eftirlífið. Upphaflega er dauðinn aðeins lítilvæg hindrun á vegi mannsins til eilífrar dýrðar; en eftir því sem Lewis eldist fer hann að líta alvarlegri augum á dauðastundina. Gaman er að benda á að þetta er nákvæmlega

---

94 C. S. Lewis, *The Problem of Pain*, 1940, s. 122-123

95 Það er að maðurinn verði fullkominn eins og Guð hafi ætlað honum.

96 C. S. Lewis, *Mere Christianity*, 1952, s. 204

97 C. S. Lewis, *Prayer: Letters to Malcolm* í *C. S. Lewis – Selected Books*, s. 293

98 C. S. Lewis, *Prayer: Letters to Malcolm* í *C. S. Lewis – Selected Books*, s. 293-294

Það sem Kōlski talar um í *Með kveðju frá Kōlska* – að því eldri sem maðurinn verði, því tengdari verði hann heiminum, og því meira hræðist hann þess vegna dauðastund sína<sup>99</sup>. Á þetta við um Lewis sjálfan? Eftir því sem líður á notar Lewis minna af persónugervingum í lýsingum sínum, sérstaklega á helvíti, en grípur frekar til frumspekinnar (sjá t.d. muninn á lýsingum í *Með kveðju frá Kōlska* og *Lokaorrustunni*). Hann tekur að líta helvíti alvarlegri augum, hugsanlega vegna þess að hann fer að líta dauðann sjálfan alvarlegri augum, og það endurspeglast í skáldverkum hans.

Þó er ýmislegt sem er alltaf til staðar í skoðunum Lewis á dauða og eftirlífi. Himnaríki er aldrei lýst jafn nákvæmlega og helvíti, af þeim sökum að maðurinn geti betur skilið helvíti og gert sér það í hugarlund heldur en himnaríki. Helvíti er óendanlega mikið minna og einfaldara en himnaríki og ef maðurinn leyfir því ekki að ná taki á sér hefur það ekkert vald yfir honum, vegna þess hversu miklu sterkara hið góða er en hið illa. Lewis gerir líka alltaf ráð fyrir því að allir geti fengið tækifæri til að bæta ráð sitt eftir dauðann, þar sem mjög fáir séu fullkomnir og þannig tilbúnir til himnaríkisvistar þegar þeir deyja. Þetta vill hann ekki beinlínis líta á sem hreinsunareld, þó hann játi sjálfur að hugmyndirnar séu ekki ólíkar, en telur að frekar sé um að ræða fullkomnun á verki en refsingu.

Að lokum er mikilvægt að minna á að Lewis leggur alltaf áherslu á það hversu erfitt sé að fullyrða nokkuð um framhaldslífið og hversu lítið maðurinn geti vitað um það sem bíður hans handan dauðans. Hann setur alltaf þennan fyrirvara á allar vangaveltur sínar um handantilveruna, sem Macdonald orðar vel í *The Great Divorce*:

*... ef þú reynir að teygja þig fram í eilífðina, ef þú reynir að sjá lokaástand allra hluta eins og þeir munu enda ... þegar enginn valkostur stendur eftir annar en hið Raunverulega, þá spyrð þú þess sem ekki er hægt að svara dauðlegum áheyrendum.*<sup>100</sup>

---

99 C. S. Lewis, *Með kveðju frá Kōlska*, 1982, s. 30

100 C. S. Lewis, *The Great Divorce*, 1946, s. 140

Á frummálinu er textinn svohljóðandi:

*... if ye are trying to leap on into eternity, if ye are trying to see the final state of all things as it will be ... when there are no more possibilities left but only the Real, then ye ask what cannot be answered to mortal ears.*

## Niðurlag

Bækur C. S. Lewis hafa haft áhrif á líf og hugsun margra, sérstaklega hvað viðkemur kristindómi og trúarbrögðum almennt. Flest börn komast einhverntímamann í kynni við bækurnar um ævintýralandið Narníu, og mörg verða þá síðar á ævinni forvitin um þær bækur hans sem ætlaðar eru eldri lesendum. Til eru ógrynni rita um Lewis, bækur hans og hugmyndir, sem sýnir þann mikla áhuga sem fólk hefur á honum og hugmyndum hans enn í dag.

Hugmyndir Lewis um dauða og framhaldslíf eru dæmigerðar fyrir Lewis sjálfan. Þær halda fast í hefðina, en notast jafnframt við skynsama hugsun til að komast að nýjum niðurstöðum í gömlum álitamálum. Hugmyndaflug Lewis er eitt það sem einkennir skrif hans mest – þetta frjóa ímyndunarafl endurspeglast jafnframt í trúarlegum hugmyndum hans. Það einkennir framsetningu þeirra og gerir þær aðgengilegri. Fegurðarþrá (þ. *Sehnsucht*) C. S. Lewis er heldur aldrei langt undan, hvort sem um er að ræða skáldsögur hans, trúarleg rit eða hugmyndir þær sem birtast í þeim. Allsstaðar spyr hann lesandann, beint eða óbeint, spurningarinnar sem var honum sjálfum svo hugleikin: „Hvað er það sem fegurðin minnir okkur á? Hvert er það sem hamingjan bendir? Hvaðan kemur þrá okkar eftir einhverju enn fegurra og betra?”

Sá sem les vangaveltur Lewis um framhaldslífið getur ekki annað en horft þangað sem Lewis bendir með spurningu sinni, upp á við í átt til einhverrar ólýsanlegrar komandi fegurðar. Hvað eru jarðneskar þjáningar í samanburði við það sem koma skal? virðist Lewis segja. Við getum ekkert sagt nákvæmlega um það sem bíður okkar, en það er vegna þess að við höfum ekki orð til að lýsa slíkri fegurð.

Það er ekki skrytið hversu dáður C. S. Lewis er enn í dag, og hversu margir hafa orðið fyrir trúarlegri mótun af því sem hann trúði eins og það birtist í bókum hans. Skáldið Guðmundur Geirdal hafði vitaskuld ekki hugmyndir Lewis í huga þegar hann samdi eftirfarandi ljóð, en lýsingin gæti átt við upplifun margra af hugmyndum Lewis:

*Í þinni finn ég frjálsri brá  
svo fagnar innri kenndir  
er seiða til sín traust og þrá  
í trú, sem hærra bendir.*

## Heimildaskrá

- Clark, David G., 2007: *C. S. Lewis – A Guide to his Theology*. Blackwell Publishing, Oxford
- Gaiman, Neil, 2006: *The Problem of Susan* í smásögusafninu *Fragile Things: Short Fictions and Wonders*. Headline Publishing Group, London
- Jacobs, Alan, 2005: *The Narnian*. Harper Collins Publishers, New York
- Lewis, C. S., 1940: *The Problem of Pain*. Harper Collins Publishers, London
- Lewis, C. S., 1943: *Perelandra*. Harper Collins Publishers, London
- Lewis, C. S., 1945: *That Hideous Strength*. Pan Books Ltd., London
- Lewis, C. S., 1946: *The Great Divorce*. Harper Collins Publishers, London
- Lewis, C. S., 1952: *Mere Christianity*. Harper Collins Publishers, London
- Lewis, C. S., 1955: *Surprised by Joy*. Harper Collins Publishers, London
- Lewis, C. S., 1959: *Screwtape Proposes a Toast*, í *The Screwtape Letters*. Harper Collins Publishers, London
- Lewis, C. S., 1961: *A Grief Observed*. Faber and Faber Limited, London
- Lewis, C. S., 1964: *Prayer: Letters to Malcolm* í *C. S. Lewis – Selected Books*. Harper Collins Publishers, London
- C. S. Lewis, 1966: *It All Began with a Picture* í *Of Other Worlds*. Ritstj. Walter Hooper, Harcourt Brace Jovanovich, New York
- Lewis, C. S., 1982: *Með kveðju frá Kölska*. Ísl. þýð. Sr. Gunnar Björnsson, Bókaútgáfan Salt

hf., Reykjavík

Lewis. C. S., 1985: *Kaspían konungsson*. Ísl. þýð. Kristín R. Thorlacius, Almenna bókafélagið, Akranesi

Lewis, C. S., 1997: *Lokaorrustan*. Ísl. þýð. Kristín R. Thorlacius, Almenna bókafélagið, Akranesi

Ward, Michael, 2008: *Planet Narnia – The Seven Heavens in the Imagination of C. S. Lewis*. Oxford University Press, New York

*In Defense of C. S. Lewis*,

<http://www.theatlantic.com/past/docs/issues/2001/10/easterbrook.htm>, Gregg Easterbrook, október 2001, The Atlantic Monthly

*Connecting William Blake with Universalism*,

[http://www.associatedcontent.com/article/1563043/connecting\\_william\\_blake\\_with\\_universalist.html](http://www.associatedcontent.com/article/1563043/connecting_william_blake_with_universalist.html), 18. mars 2009, Thomas Taylor

*Það eru leikhúsin sem ala upp þúðikum: Listræn stefna og verkaval leikhópsins Grímu 1961-1970*, [http://skemman.is/bitstream/1946/2749/1/hlin\\_einarsdottir\\_02\\_fixed.pdf](http://skemman.is/bitstream/1946/2749/1/hlin_einarsdottir_02_fixed.pdf), 2009, Hlín Einarsdóttir

*Aslan – Narniaweb*, <http://wiki.narniaweb.com/index.php/Aslan>, síðast uppfært 7. maí 2010, Narniaweb

*C. S. Lewis: Biography from Answers.com, Fairy Tale Companion*,

<http://www.answers.com/topic/c-s-lewis>, síðast uppfært 2010, Answers Corporation